



Akureyri



Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2016



### **Akureyrarbær**

Geislagötu 9  
600 Akureyri  
Sími 460 1000  
Fax 460 1001

[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) | [www.visitakureyri.is](http://www.visitakureyri.is)

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana  
og netföng starfsmanna er að finna á vef bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2017
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirllestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm
Ljósmyndir:	Daníel Starrason
Mynd af bæjarstjóra:	Auðunn Nielsson
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókkband:	Ásprent

# Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	4
Stjórnkerfi Akureyrarbæjar	5
Bæjarstjórn og bæjarráð	5
Akureyrarstofa	5
Búsetudeild	9
Fasteignir Akureyrarbæjar	10
Viðhald eigna	11
Fjármála- og hagþjónusta	11
Fjölskyldudeild	12
Framkvæmdadeild	14
Samfélags- og mannréttindadeild	16
Skipulagsdeild	18
Skóladeild	19
Starfsmannþjónusta	22
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	25
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum	27



Akureyri



## Ávarp bæjarstjóra

### Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Íbúaskrá Akureyrar 1. desember 2016 voru íbúar Akureyrar þá **18.472** og hafði fjölgað um 188 eða um 0,97% á milli ára.

Karlar voru **9.190** og konur **9.282**. Þar af eru Hríseyingar 153 og Grímseyingar 77.

Frá 2. desember 2015 til 1. desember 2016 fæddist **241** barn en **153** bæjarbúar létust.

Aðfluttir umfram brottflutta voru **90**.

Elsti íbúi bæjarins 1. desember 2016 var Axel Jóhannesson, fæddur **22. febrúar 1916**.

Akureyrarbær er í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi þegar horft er til umhverfismála. Vistvænar aðgerðir hafa á síðustu árum verið í forgangi hjá bæjarstjórn og margt áunnist. Allur úrgangur er flokkaður í lífrænan úrgang sem er endurnýttur í jarðgerðarstöðinni Moltu, í annan endurnýtanlegan úrgang, svo sem plast, pappír, ál og gler, og loks almennan úrgang sem er urðaður. Stofnanir bæjarins keppast við að fá vottun í umhverfismálum með góðum árangri og rafbilar eru keyptir þegar mengandi ökutæki úreldest. Frá ársbyrjun 2006 hefur verið frítt í strætó sem stuðlar að minni notkun einkabíla, hleðslustöðvar fyrir ökutæki sem nota vistvæna orkugjafa eru á nokkrum stöðum í bænum, göngu- og hjólréiðastígar hafa verið lagðir víða um bæjarlandið og svo mætti lengi telja.

Þannig stefnum við að því að ná markmiði okkar um kolefnishlutlausan bæ innan fárra ára. Við íbúar bæjarins unum okkur vel í hreinum og grænum bæ og það eykur einnig aðdráttarafi Akureyrar í huga ferðafólks að hér séu umhverfissjónarmið sett á oddinn, endurvinnsla höfð í fyrirrúmi og gengið um náttúruna af virðingu. Á Akureyri, eins og annars staðar á Íslandi, verður hlutur ferðaþjónustunnar sífellt fyrirferðarmeiri, afþreyingarkostum fjölgar og sífellt fleiri hafa atvinnu af þjónustu við ferðafólk í fullri sátt við náttúruna.


Undirbúningur að gerð nýs aðalskipulags fyrir Akureyri hófst árið 2016 en eitt af markmiðum þess er betri landnýting og þétting byggðar. Í rauninni rímar það ágætlega við stefnu okkar í umhverfismálum því þéttari byggð rennir frekari stöðum undir að fleiri geti farið allra sinna ferða fótgangandi eða á hjólhestum. Það er einnig skynsamlegt að nýta vel það landrými sem við höfum til umráða en teygja ekki byggðina að óþörfu yfir land sem nýta má til annars.

Ég er stoltur af því hvernig rekstur bæjarins hefur gengið. Afkoman hefur batnað og mun batna enn frekar með aðhaldi í rekstri. En þótt við höfum á stundum þurft að standa á bremsunni hvað útgjöldin varðar þá hefur margt gott verið gert á liðnum árum og smám saman er góður bær að verða ennþá betri.

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
bæjarstjóri á Akureyri



# Stjórnkerfi Akureyrarbæjar



## Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu var haldinn 21 fundur í bæjarstjórn og 49 fundir í bæjarráði.

Á fundi bæjarstjórnar þann 7. júní 2016 var Matthías Rögnvaldsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigríður Huld Jónsdóttir 1. varaforseti og Gunnar Gíslason 2. varaforseti.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson var kjörinn formaður bæjarráðs og ásamt honum voru kosin í bæjarráð Logi Már Einarsson varaformaður, Matthías Rögnvaldsson, Gunnar Gíslason og Preben Jón Pétursson. Sóley Björk Stefánsdóttir er áheyrnarfulltrúi í bæjarráði til eins árs.

## Viðtalstímar bæjarfulltrúa, hverfisnefndir og -ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði og voru þeir alls 15 á árinu. Viðtalstímarnir eru haldnir í Ráðhúsinu. Í viðtalstímunum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka þeir við erindum, fyrirspurnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og eru fundargerðir viðtalstímanna lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í bæjarkerfinu.

Nefndir voru starfandi í öllum hverfum bæjarins á árinu. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annaðhvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey.

## Akureyrarstofa


Akureyrarstofa er heimahöfn menningar-, markaðs-, kynningar- og ferðamála hjá Akureyrarbæ. Amtsbókasafnið, Héradsskjalasafnið og Listasafnið á Akureyri tilheyra rekstri Akureyrarstofu og hún annast samskipti við sjálfstæðar menningarstofnanir sem njóta verulegs stuðnings bæjarins. Jafnframt annast hún viðburðahald fyrir bæinn og samskipti fjölda skipuleggjenda viðburða í bænum. Miðpunktur starfseminnar er Akureyri en Akureyrarstofa hefur náð samstarf við aðila sem vinna á stærri svæðum, s.s. Markaðsstofu Norðurlands og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er rekin af Akureyrarstofu og annast upplýsingagjöf til ferðamanna þegar þeir eru komnir til Akureyrar, auk þess að svara fyrirspurnum alls staðar að úr heiminum.

## Ferða- og markaðsmál


Ferðaþjónustan heldur áfram að vaxa og dafna. Nýting gistirýma á Akureyri jókst um alls 13% milli ára, eða um 15% á háönn (maí til október) og 11% á lágönn (nóvember til apríl). Nokkrir nýir veitingastaðir og barir opnuðu á árinu og afþreyingarúval bæjarins hélt áfram að aukast, m.a. var boðið upp á skipulagða kvöldsiglingu til Grímseyjar frá Akureyri og nýtt útsýnisflug.

Mikill vöxtur er í hvalaskoðun frá Akureyri og eru hvalaskoðunarfyrrtækin orðin tvö, bæði með aðstöðu við Torfunef. Byggðar voru nýjar flotbryggjur til að bæta hafnarkostinn á svæðinu og nýttast þær m.a. léttabátum frá skemmtiferðaskipum og frístundasnekkjum. Auk þess er komið er nýtt skipulag fyrir svæðið sem gerir ráð fyrir bættu aðgengi að sjónum og sjótengdri starfsemi.

## Fjöldi gistinguátta á hótélum og gistiheimilum eftir mánuðum og þjóðernum 2016



## Meðalfjöldi og nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum á Akureyri 2011-2016



Unnið var áfram að þróun fuglaskoðunarstígs um Eyjafjörð í samstarfi við sveitafélög og hagsmunaaðila og hafist var handa við nýtt verkefni, þróun ferðamannavegar um Norðurland, samstarfsverkefni sem Akureyrarstofa hafði forgöngu um. Haldin var ein ný hátíð á árinu, „Íslensku sumarleikarnir“, sem til stendur að verði árleg og er haldin um verslunarmannahelgina með áherslu á íþróttaviðburði og útvist. Hátíðin tekur við af hinni hefðbundnu „Einni með öllu“ sem áður hafði einkennt Verslunarmannahelgina.

Skipulag almenningssamgangna var með svipuðu sniði og verið hefur. Áfram voru hnókrar á tengingum strætisvagna við ferjuferðir til Hríseyjar og Grímseyjar en úr var leyst í lok júní með því að settur var á fót sérstakur „ferjustrætó“ sem gekk á milli Dalvíkur og Akureyrar í tengslum við Sæfara (Grímsey) og Sævar (Hrísey).

Markaðssetning Akureyrar yfir vetrartímann hefur aukist, m.a. fyrir tilstilli öflugra ferðaþjónustuaðila. Ferðamönnum sem koma til Íslands fjölga stöðugt og hefur þeim einnig fjölgað á Norðurlandi þó umtalsvert minna en á suðvesturhorninu. Á tímabilinu desember til maí fjölgaði gistinguátta á hótélum á Norðurlandi að jafnaði um 47% frá fyrra ári, standa erlendir gestir fyrir um 66% af þeirri aukningu á móti 34% Íslendinga.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjölmörgum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu og markaðssetningu bæjarins. Akureyrarstofa stýrði meðal annars klasaverkefninu Komdu norður eins og fyrri ár og lagði fyrir hönd Akureyrarbæjar fjármagn til







reksturs flugklasans AIR66 og til Markaðsstofu Norðurlands, samtals ríflega 18 milljónir króna. Flugklasinn stefnir að bættari markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll en Markaðsstofan annast m.a. markaðssetningu á landshlutanum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu. Farið var í kynningarstarf um gönguleiðir í og við bæinn og má sækja upplýsingar og hnit á appið [Wapp.is](http://Wapp.is)

Í lok árs var ferðamálastefna Akureyrarbæjar samþykkt í bæjarstjórn en vinna við hana var leidd af starfsmönnum Akureyrarstofu og ráðgjafahóp sem samanstóð af fulltrúum greinarinnar og stjórnar Akureyrarstofu. Haldnir voru tveir opnir fundir á Akureyri og fundir í Hrísey og Grímsey þar sem lagður var grunnur að stefnunni með þátttöku fjölmargra hagsmunaaðila.

Akureyrarstofa hefur smám saman aukið samstarf sitt við ferðaþjónustuaðila í Grímsey og Hrísey. Fengist hafa styrkir í nokkur verðug verkefni, m.a. smíði nýs tákns fyrir heimskautsbauginn í Grímsey og einnig var unnið að gerð nýrra söguskilta meðfram gönguleiðum bæði í Grímsey og á Akureyri. Akureyrarstofa hefur að auki á sinni könnu útgáfu upplýsingabæklinga fyrir ferðafólk hvort tveggja fyrir Grímsey og Hrísey. Þessir bæklingar eru uppfærðir árlega.

Ársskýrsla bæjarins var gefin út af Akureyrarstofu en að þessu sinni var ákveðið að hún yrði eingöngu aðgengileg á rafrænu formi. Þeir sem þess óskuðu gátu fengið hana útprentaða í þjónustuanndyri Ráðhússins. Eins og áður var gefinn út stór og gagnmerkur upplýsingabæklingur um Akureyri á ensku í samstarfi við fyrirtækið „My Destination Reykjavík“. Upplag bæklingins er 40.000 eintök. Akureyrarstofa hefur einnig umsjón með hönnun og birtingu almennra auglýsinga um ágæti bæjarins fyrir alls kyns bæklinga og blöð.

Á árinu hófst viðamikil endurskoðun á heimasíðunni [Akureyri.is](http://Akureyri.is). Farið var yfir veftréð og útlitid fært til nútímalegra horfs sem hentar betur fyrir spjaldtölur og farsíma. Stefnt er að því að nýja síðan verði opnuð í maí 2017. Fyrir utan að annast vefsíðurnar Akureyri.is og [Visitakureyri.is](http://Visitakureyri.is), heldur Akureyrarstofa úti þremur síðum á samfélagsmiðlinum Facebook: Síðunni „Akureyrarbær“ sem er hugsuð sem upplýsingasíða fyrir bæjarbúa, „Komdu norður“ sem er fyrir íslenska gesti og „Visitakureyri“ fyrir erlenda ferðamenn, auk þess að vera með sér síðu fyrir ferðaþjónustuaðila á Akureyri.

Akureyrarstofa kynnti bæinn sem ákvörðunarstað fyrir ferðamenn með þátttöku í Vest Norden ferðakaupstefnunni og einnig á Mid Atlantic ráðstefnunni. Þetta starf virðist ætla að skila góðum árangri því áhugi erlendra ferðaskrifstofa hefur aukist mikið og voru fulltrúar Akureyrar þétt bókadír á fundi á báðum sýningunum þar sem kostir bæjarins voru kynntir. Akureyrarstofa hefur einnig átt tvo fulltrúa á Mannamótum, árlegum viðburði sem haldinn er í Reykjavík til að kynna landsbyggðina fyrir ferðaaðilum á höfuðborgarsvæðinu.

## Menningarmál

Á Vorkomu Akureyrarstofu sem fram fór sumardaginn fyrsta í menningarhúsinu Hofi var tilkynnt niðurstaða stjórnar Akureyrarstofu um starfslaun listamanna 2016-2017 að fenginni umsögn ráðgjafahóps sem í sátu Jón Hlöðver Áskelsson, Ingibjörg Sigurðardóttir og Rósa Kristín Júlíusdóttir. Fyrir valinu varð myndlistarmaðurinn Haraldur Ingi Haraldsson. Við sama tækifæri

var Hauki Viktorssyni arkitekt veitt Byggingalistaviðurkenning Akureyrar fyrir þann tíma sem hann starfaði á Akureyri. Tvær viðurkenningar voru veittar úr Húsverndarsjóði, annars vegar tók Anna Guðný Sigurgeirsdóttir við viðurkenningu vegna brunns við Aðalstræti 50 og hins vegar fengu Guðmundur Sveinn Sveinsson og Valgerður Kristín Gunnarsdóttir eigendur Helgamagrastrætis 23 viðurkenningu fyrir viðgerðir á því fallega húsi. Úr Menningarsjóði voru veittar tvær heiðursviðurkenningar og komu þær í hlut Erlings Sigurðarsonar og Gunnfríðar Hreiðarsdóttur. Á dagskránni flutti bæjarlistakona síðasta tímabils, Lára Sóley Jóhannsdóttir, tónlist við mikla hrifningu gesta.

Árlega er auglýst eftir umsóknum um styrki úr Menningarsjóði og er bæði hægt að sækja um verkefnastyrk og samstarfssamning. Um 30 verkefni fengu styrk og voru flest þeirra tengd myndlist og tónlist. Menningarsjóður gerir samstarfssamninga við félög til tveggja og þriggja ára og styður þannig við ýmsar listgreinar og grasrótstarf. Árið 2016 voru 12 slíkir samningar í gildi.

Akureyrarstofa er samstarfsaðili að ýmsum menningarverkefnum. Eitt þeirra er verkefnið Ungskáld sem er ritlistarsamkeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára en þar taka höndum saman auk Akureyrarstofu, Amtsbókasafnið, Ungmennahúsið í Rósenborg og framhaldsskólarnir á Akureyri. Ungskáldaverkefnið fór fram í fjórða skipti árið 2016 og hafa skilin farið fram úr björtustu vonum þótt nokkuð halli á drengi í þátttöku.

Árið 2016 var 100 ára fæðingaráfmæli Kristjáns frá Djúpalæk og af því tilefni skipulögðu menningarstofnanir bæjarins undir forustu Akureyrarstofu viðburð í Hömrum í Menningarhúsinu Hofi þar sem skáldsins var minnst og komust færri að en vildu. Áhugi er fyrir því meðal menningarstofnanna að halda áfram samstarfi þar sem unnið er með verk akureysks listafólks.

## Atvinnumál


Unnið var að fjölmörgum verkefnum á sviði atvinnumála á árinu. Hæst báru tvö verkefni. Annars vegar undirbúningur að stofnun frumkvöðlaseturs í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands en setrið mun taka til starfa á fyrri hluta árs 2017. Hins vegar var lokið uppsetningu á svonefndri „Fab Lab“ - smíðju við Verkemntaskólann á Akureyri en verkefnið er unnið í samstarfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, VMA, Akureyrarbæjar og Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Smíðjan tók svo formlega til starfa í upphafi árs 2017.

Áfram var haldið verkefninu Brothættar byggðir sem hófst á árinu 2015. Í báðum eyjum, Hrísey og Grímsey, voru haldin íbúðarþing þar sem lögð voru drög að framtíðarsýn og uppbyggingarverkefnum. Markmið Brothættra byggða er að stofnanir, sveitarfélög og íbúar leggi saman krafta sína og leiti leiða til eflingar byggðar á sínu svæði. Þannig er horfið frá þeirri nálgun að stofnanir eða stjórnvöld komi með lausnir sem ekki eru spottnar innan frá.

Af öðrum verkefnum ná nefna skemmtilegt samstarfsverkefni með Sjúkrahúsinu á Akureyri sem er í samstarfi við aðila í Skotlandi, Noregi, Kanada og Svíþjóð sem snýst um að þróa nýjar leiðir til að krækja í og halda lykilstarfsfólki sem er lífsnauðsynlegt starfsemi sjúkrahússins. Akureyrarbær hefur tekið þátt í móttöku mögulegra starfsmanna með kynningu á innviðum og afþreyingarmöguleikum.

Á árinu 2016 var atvinnuleysi á Akureyri að meðaltali 2,3% sem er minnkun úr 2,9% frá árinu 2015 og 3,4% árið 2014 samkvæmt tölum Vinnuálagstofnunar. Mest var atvinnuleysið í desember mánuði þegar 375 voru á atvinnuleysissskrá eða 3,6% vinnuafis og minnst í júlí og ágúst þegar um 180 manns voru á atvinnuleysissskrá eða 1,7% vinnuafis.

## Ætlað atvinnuleysi á Akureyri frá janúar - desember 2016




## Amtsbókasafnið

Útlán hafa smám saman dregist saman á síðustu árum og svo var einnig 2016. Fækkaði þeim um 9% frá árinu áður. Engu að síður fengu Akureyringar 157.239 safngögn að láni sem eru 8,7 útlán á hvern íbúa Akureyrar. Gestum fækkaði hins vegar um 2% en er það í samræmi við þá þróun sem sjá má á almenningubókasöfnum í Evrópu þar sem minna er tekið að láni en heimsóknum ýmist fjölgar eða þær standa í stað.

Haldnar voru tíu sýningar í anddyri safnsins á árinu og aðrir viðburðir voru sautján fyrir utan fasta liði, s.s sögustundir fyrir börn, heimsóknir hópa og sumarlestur. Slíkir viðburðir eru á bilinu 50-100 árlega. Einnig tók safnið þátt í viðburðum og samstarfsverkefnum utan safnsins og bar þar hæst þátttöku í dagskrá til minningar um Kristján frá Djúpalæk í Hofi þann 6. nóvember.

## Héraðsskjalasafnið

Á Héraðsskjalasafnið komu 740 gestir á árinu 2016 og hafði fjöldi þeirra aukist um 19,4% milli ára. Mest munar þar um skólaheimsóknir grunnskólubarna í eldri bekkjum. Karlar voru tæp 70% gesta en konur rúm 30% og hefur hlutur kvenna einnig aukist á milli ára. Lán á lestrarsal voru nú 2.834 skjalnúmer og höðdu aukist um rúm 5,6% frá fyrra ári. Safninu voru afhentir tæpir 78 hillumetrar af skjölum í 133 afhendingum og jókst fjöldi afhendinga um rúm 25% frá fyrra ári.



Þann 16. júlí var innsigli rofið á lokuðum pakka sem Kristján frá Djúpalæk afhenti safninu árið 1979. Kristján mælti svo fyrir að pakkinn skyldi ekki opnaður fyrr en að liðnum 100 árum frá fæðingardegi sínum. Í pakkanum voru bréfaskipti Kristjáns og Guðmundar Böðvarssonar skálds á Kirkjuból í Hvítársíðu frá árunum 1943-1974. Aðalheiður Einarsdóttir systir Kristjáns opnaði pakkann og síðan eru bréfin opin almenningi og hægt að skoða þau á lestrarsal safnsins.

Í framhaldi af þessum viðburði setti Héraðsskjalasafnið upp sýningu á skjölum og öðru efni tengdum Kristjáni frá Djúpalæk undir heitinu „Meðal fólksins er vettvangur minn“. Sýningin sem stóð yfir 4.–30. nóvember var í tengslum við samnefnda dagskrá sem Akureyrarstofa stóð fyrir í Hofi í samstarfi við Héraðsskjalasafn, Amtsbókasafnið og Menningarfélag Akureyrar.

Safnið tók að venju þátt í Norræna skjaladeginum 12. nóvember með því að senda inn pistla til birtingar á vefnum [skjaladagur.is](http://skjaladagur.is). Að þessu sinni var veitingakomum á Akureyri gerð skil, þ.e. konum sem ráku hótél og veitingastaði og héldu matreiðslunámskeið á árunum 1852-1924.

Síðla árs hófst vinna við ljósmyndun skjala en til þess verkefnis fékkst styrkur frá Þjóðskjalasafni Íslands. Slíkum styrkjum var úthlutað til skönnunar og miðlunar á skjölum héraðsskjalasafna og var hann nýttur til kaupa á búnaði og til vinnu við að ljósmynda. Nú eru því til stafræn afrit af hreppsþókum úr öllum hreppum á safnsvæðinu, fundargerðum bæjarstjórnar og bygginganefndar á Akureyri og brunavirðingum frá Akureyri fram til ársins 1930. Stefnt er að því að koma þessum mikilvægum heimildum sem fyrst út á vef og gera þær þar með aðgengilegir.

## Listasafnið á Akureyri

Safnið hefur til umráða tvo sýningarstaði, í Kaupvangsstræti 8 og 12, Listasafnsbygginguna og Ketilhúsið. Samtals stóð safnið fyrir 17 sýningum á árinu 2016, 11 í Listasafninu og 6 í Ketilhúsi.


Sýningarnar skiptust í 5 lengri einkasýningar, 4 stuttar einkasýningar í Vestursal, 8 samsýningar og 2 útskriftarsýningar VMA.

Leiðsögn um sýningar ársins fóru fram alla fimmtudaga í hádegjun. Gestir á sýningum Listasafnsins og fyrirlestrum voru samtals 19.296 (9.355 Íslendingar og 9.941 útlendingar). Alls komu 2.004 í safnfræðslu frá grunn- og leikskólum bæjarins, Verkenntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og Myndlistaskólanum á Akureyri.

Fyrirlestraröðin Þriðjudagsfyrirlestrar samanstóð af alls 20 fyrirlestrum, 10 í janúar, febrúar og mars og 10 í október, nóvember og desember. Fyrirlestraröðin er haldin í samstarfi við Háskólann, Myndlistaskólann, Verkenntaskólann, Gilfclagið og Myndlistarfélagið og fóru fyrirlestrarir fram kl. 17 á þriðjudögum í Ketilhúsinu.

Snemma á árinu voru haldnir þrjú fyrirlestrar í tengslum við sýningu Jóns Laxdal Halldórssonar og útgáfu viðtalsbókar. Auk þess voru gefnar út bækur í tilefni sýninga Gunnars Kr. og Thoru Karlsdóttur. Einnig var boðið uppá listamannaspjall í tengslum við allflestar sýningar ársins.

Í byrjun september var A! Gjörningshátíðin haldin í annað sinn að frumkvæði Listasafnsins í samstarfi við leiklistarhátíðina Lókal, Reykjavík Dance Festival, Menningarfélag Akureyrar / Leikfélag Akureyrar, Listhús á Ólafsfirði og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Tæplega 2.000 gestir sóttu viðburði A! Gjörningshátíðar sem heppnaðist afar vel og mun hún verða árlegur viðburði í menningarlífi Akureyrar.



## Minjasafnið

Minjasafnið á Akureyri starfaði í Kirkjuból við Aðalstræti, Nonnahúsi, Sigurhæðum, Davíðshúsi, Minjasafnskirkjunni, Gamla bænum Laufási og Gestastofu Laufáss. Unnið var að því að varðveita og fræða um áþreifanlegar og óáþreifanlegar minjar. Hlutverk safnsins, auk þess að taka á móti gestum, er að safna, skrá, varðveita gripi, sinna rannsóknum og miðla í formi sýninga og safnfræðslu.

Allt starf safnsins miðar að því samfélagi sem það er spöttið úr, þjónustu við núverandi íbúa og einnig komandi kynslóðir. Þess vegna tekur safnið á móti gripum og ljósmyndum og varðveitir. Safnið varðveitir nú um 2.600.000 myndir af ýmsu tagi og 25.000 gripi. Árið 2016 tók safnið við 31.330 ljósmyndum og 156 gripum. Þótt meginhluti safnkosts sé geymdur í geymslum hefur verið



unnið ótúllega að því undanfarin ár að gera hann aðgengilegan rafrænt á vefnum [sarpur.is](http://sarpur.is). Minjasafnið er aðili að Rekstrarfélagi Sarps, sem er menningarsögulegur gagnagrunnur 50 safna. Nú eru 9.755 gripir safnsins skráðir í grunninn. Tilkoma Sarps hefur aukid aðkomu almennings að starfi safnsins og bárust í hverri viku nýjar og betri upplýsingar um safnkostinn einkum og sér í lagi ljósmyndir. Árið 2015 bárust 435 ábendingar og upplýsingar frá notendum en árið 2016 voru þær 526.

Skipulögð safnfræðsla er grundvallarþjónusta sem Minjasafnið á Akureyri veitir íbúum og hópum á starfssvæði safnsins. Helsta markmið safnfræðslu er að veita innsýn í sögu og menningu svæðisins og efla þar með áhuga og vitund fólks um sögu síns nærumhverfis. Árið 2016 voru gestir í safnfræðslu 2.657 í 126 hópum af öllum skólastigum.

Meginrannsóknarverkefni safnsins síðan 2001 hefur verið hinn forni verlarannsóknarverkefni Gásir og hinn Fornleifastofnun Íslands að úrvinnslu gagna. Uppbygging ferðamannastaðarins Gása helst í hendur við fornleifauppgjöftinn sem safnið stóð og stendur að. Að þessu verkefni hefur safnið unnið fyrir hönd Gásakaupstaðar ses. Þá hefur safnið einnig séð um framkvæmdastjórn Miðaldadaga á Gásum.

Annað meginrannsóknarverkefni er á sviði ljósmynda þar sem elstu myndir safnsins hafa verið rannsakaðar og starf elstu ljósmyndara.

Ákveðið var að framlengja sýninguna „Ertu tilbúin frá forseti?“ sem sett var upp í samvinnu við Hönnunarsafn Íslands. Á sýningunni var sjónum beint að fatnaði og störfum Vigdísar Finnbogadóttur, fyrstu konunnar sem gegndi embætti forseta í lýðræðisríki.

„Land fyrir stafni!“ er sýning sem byggir á Íslandskortum sem íbúum Akureyrarkaupstaðar voru gefin árið 2014 af þýsku hjónunum dr. Karl-Werner Schulte og dr. Gisela Schulte-Daxboek.

Árlega er sett upp úrval af kortunum eftir nýju þema og var haldið áfram að þróa fjölskylduvænar heimsóknir á sýninguna.

Árleg jólasýning var „Skreytum hús“ þar sem fjallað var um fjölbreyttar skreytingar sem prýða hýbýli fólks. Jólafjallið og jólasveinarnir héldu þó sínum sessi í sýningunni ásamt sívinsælu rannsóknarstofu jólasveinsins.

Sýning Þjóðminjasafns Íslands „Með kveðju - myndheimur íslenskra póstkorta 1898-2015“ var sett upp í norðursal Minjasafnsins í nóvember en þetta er í fyrsta skipti sem yfirlitssýning er haldin á fjölbreyttu myndefni íslenskra póstkorta.

Minjasafnið átti í góðu samstarfi við Listasafnið á Akureyri við gerð sýningarinnar „Arkitektúr og Akureyri“. Þá var sett upp ljósmyndasýning á aðventu í Hofi í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar, MAK.

Í desember var opnað nýtt sýningarrými á skrifstofuhæð Minjasafnsins þar sem sýnd eru valin verk Elisabetar Geirmundsdóttur, listakonunnar í Fjörunni. Jafnframt var vígt nýtt útilistaverk hennar, Útþrá, sem ættingjar hennar og styrktaraðilar gáfu Akureyrarbæ.

Safnið tók þátt í eða skipulagði fjölmarga viðburði á árinu; Jónsmessuhátíð, Miðaldadaga á Gásum, byggingalistagöngu, lífandi Laufás og viðburðaröðina „Allar gáttir opnar“ í Davíðshúsi.

Eins og undanfarin ár var Minjasafnið opið gestum 360 daga ársins, Laufás 122 daga, Nonnahús 104 daga, Davíðshús 79 daga og Sigurhæðir 68 daga.

Gestafjöldi safnsins jókst mikið á milli ára en gestir voru 37.082 árið 2016 eða tæplega 6.000 fleiri en árið áður. Aukinn ferðamannastraumur, lengri opnunartími ásamt markaðsstarfi gagnvart ferðaskrifstofum skilar sér inn á sófnin. Þessi aukning er búðót fyrir safnið og vonandi verður fjölgun ferðamanna meiri á komandi árum.

## Menningarfélag Akureyrar

Fjárhagsstaða MAK seinnihluta ársins 2016 var afar þröng og þurftu Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands að búa við verulega skert fjáframlög. Þrátt fyrir það tókst með útsjónarsemi, frumkvæði og elju að setja saman metnaðarfulla dagskrá fyrir starfsárið 2016-2017. Áhorfendur á viðburði framlidda af MAK voru 17.853 en um 300.000 gestir fóru um húsið yfir árið.

## Leikfélag Akureyrar

Leiklistarskóli Leikfélags Akureyrar hóf að venju starfsemi í byrjun árs með námskeiðum fyrir börn í 3. til 10. bekk grunnskóla.

Í febrúar frumsýndi LA Pílu Pínu þar sem kraftbirtingarhljómur MAK

var magnaður með samstarfi Leikfélagsins, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Hofa. Píla Pína hlaut mikla hylli áhorfenda og færði nýrri kynslóð aðgang að heimi Pílu Pínu. Áhorfendur voru rúmlega 5.000. Leiklistarsviðið hóf einnig undirbúningsvinnu vegna trúðasýningarinnar Helgi Magri á vormánuðum.

Í maí frumsýndi Leikfélag Akureyrar síðan Borgarasviðsverkefnið Leiðsögn fyrir innfædda. Áhorfendur fengu leiðsögn frá Hofi að Samkomuhúsi undir stjórn hópsins sem samanstóð af konum sem eiga það sameiginlegt að vera allar af erlendu bergi brotnar. Borgarasviðið hefur hlotið athygli erlendis frá og verður kynnt á NOFOD ráðstefnu um Dans og lýðræði í júní 2017.

Í september frumsýndi félagið sviðsetningu sína Helga Magra. Sýningartíminn var snarpur en sýningin fékk mjög fina dóma og þótti frjóg og frumleg. Sýningin var samsköpun leikhópsins og útfærði hann alla listræna þætti sýningarinnar sjálfur; leikmynd, búninga, lýsingu, myndband og sviðsetningu.

Í október var fyrsta fósturverkefni leiklistarsviðs frumsýnt. Það var leikhópurinn Næsta leikrit sem frumsýndi frumsamda spennuþrungna ástarsögu með söngvum í Samkomuhúsinu undir yfirkriftinni Listina að lífa.

Á haustmánuðum voru þrjár gestasýningar á dagskrá leiklistarsviðs: Engi, brúðuleikhússýning leikhópsins Handbendi frá Hvammstanga, heimildarleikhússýningin Elska um ástir Norðlendinga úr smíðju Artik leikhópsins og Enginn hittir einhvern í sviðsetningu Annars Sviðs sem María Ellingsen leiðir.

LA frumsýndi samstarfsverkefni sitt og Borgarleikhússins, Stórsýning Hannesar og Smára, á litla sviði Borgarleikhússins þann 7. október. Sýningin var sýnd við góða aðsókn í Reykjavík og hlaut einnig góðar viðtökur á snörpum sýningartíma í Samkomuhúsinu í nóvember. Í desember hófust æfingar á Núnó og Júníu, nýju fjölskylduleikverki sem frumsýnt var í febrúar 2017. Á aðventunni kom Stúfur í Samkomuhúsið og tók á móti yfir 1.200 grunnskólabörnum sem fengu njóta sýningarinnar án endurgjalds fyrir fulltíngi samstarfs LA og Norðurlands.

## Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Á árinu 2016 hélt SN níu tónleika, þrettán sýningar af Pílu Pínu og lék inn á þrjár kvikmyndir. Tónleikagestir SN voru 3.486 á árinu.

Sunnudaginn 10. janúar tók SN þátt í Vínartónleikum fyrir börn í samvinnu við Tónlistarfélag Akureyrar. Þann 17. janúar gekk listakonan Greta Salóme ásamt hljómsveit til liðs við SN. Hljómsveitarstjóri var Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson framkvæmdastjóri SN. Uppsett var á tvenna tónleika og voru um 1.000 áhorfendur. Sömu helgi var tekin upp sinfónísk tónlist fyrir kvikmyndina „Fyrir framan annað fólk“.

Sunnudaginn 14. febrúar var Völuspá eftir Þorvald Bjarna frumflutt af SN og Valgerði Guðnadóttur. Einnig voru flutt sinfónísk ljóðin Pan og Ecco eftir Sibelíus og Promotheus eftir Franz Lizst. Áheyrendur voru 305. Finnsla þjóðlagahljómsveitin Värttinä kom í heimsókn sunnudaginn 28. febrúar með útsetningar eftir eitt fremsta tónskáld Finna Tapio Tuomela í farteskinu. Guðni Franz stjórnaði. Áheyrendur voru 204.

Sunnudaginn 13. mars lék gítarsnillingurinn Guðmundur Pétursson Concerto del Sur eftir Manuel Ponzi og frumfluttur var rafgítarkonsert eftir Guðmund sjálfan í Hörmum. Stjórnandi var Guðmundur Óli Gunnarsson. Áheyrendur voru 122.

Sunnudaginn 24. apríl fluttu þau Daniel Bjarnason og Eva Guðný Þórarinsdóttir klassískt Mozart prógram, Sinfóníu nr. 40, Forleikinn að brúðkaupi Figarós og Fiðlukonsert nr. 5. Áheyrendur voru 296.

Sunnudaginn 16. október voru samstarfstónleikar Stórsveitar Reykjavíkur og SN tileinkaðir jazztónlist. Flutt var Rhapsody in Blue og nýr konsert fyrir sinfóníu og stórsveit eftir Kjartan Valdemarsson, auk valinna laga sem Frank Sinatra gerði fræg. Áheyrendur voru 432.

Þann 22. nóvember voru fjölskyldutónleikar í samstarfi við Sankti Pétursborgarballettinn þar sem sinfónían lék í gryfjunni undir danssýningu þessa fræga ballets. Áheyrendur voru 505 og fleiri en 200 voru á biðlista.

## Viðburðasvið

Stórtónleikar í Hofi á árinu voru fjöldamargir og afar vel sóttir. Þar á meðal má nefna Skálmöld, Skonrokk tónleika til heiðurs ACDC og Queen, karlakórstónleika og uppstand með Mið-Íslandi.

Auk þess voru í húsinu viðburðir eins og íþróttamaður Akureyrar, Vorkoma Akureyrarstofu, söngkeppni beggja framhaldsskólanna í bænum, söngkeppni framhaldsskólanna á Norðurlandi,





bílasýning, danssýningar á vegum STEPS og Dansstúdíós Alice, sumarjazztónleikaröð, norraent vinabæjarmót, harmonikkuböll sem haldin voru mánaðarlega frá haustinu, leikverkið Flughræddi örninn Órvar frá Þjóðleikhúsinu í samstarfi við skóladeild Akureyrarbæjar, bíósýning og útskrift frá Verkmenntaskólanum á Akureyri svo eitthvað sé nefnt.

Viðburðasvið Menningarfélagsins kom auk þess að eftirfarandi viðburðum í Hofi: Menningardagskrá um Kristján frá Djúpalæk og Föstudagsfreistingar Tónlistarfélag Akureyrar þ.e. sumar- og jazztónleikaröð. Þessir viðburðir voru haldnir í samstarfi við aðrar menningarstofnanir og samstarfsaðila. Menningarfélagið stóð fyrir barnaballi með tónlistarmönnum Magna Ásgeirs og Péttri Erni, Kúridegi í umsjón brúðuleikhússtjórans Gretu Clogh fyrir börn 0-15 mánaða og dönsku danssýningunni Rúnir á fjöllum Hamraborgar. Menningarfélagið stóð fyrir hæfileikakeppninni Akureyri Got Talent á Öskudaginn og fjöldinn allur af flottum krökkum tók þátt í henni. Farið var í skoðunarferðir með nemendahópa úr grunn- og framhaldsskólum, afmælisárganga, og nemendur í leiðsögunámi.

Sjónlistasýningar í Hamragili og Leyningi voru fjórar. Sýnendur voru Einar Gíslason, Elínros Eyjólfsdóttir, Hafís Bennett og Samúel Jóhannsson. Samsýning safna í Eyjafirði stóð yfir sumarið í Leyningi eins og undanfarin sumur.

Fundir í húsinu voru 46 og lengri ráðstefnur voru 5 á árinu.

Menningarfélagið tók þátt í Akureyrarvöku af fullum krafti. Á föstudeginum opnaði Samúel Jóhannsson, myndlistamaður, afmælisýningu sína í Hamragili og hinn ungi og efnilegi Steinar tróð upp í Hamraborg það sama kvöld. Á laugardeginum voru lifandi stiklur úr Helga magra sviðsetningu LA. Húsið ómaði af kröftugri blásaratónlist þegar The Upper Rhine Youth Wind Band, 60 manna blásarasveit frá Þýskalandi skipað ungu fólki frá 16-25 ára, lék í Hömrum en gestirnir fylltu Hamragil. Á laugardagskvöldinu leið göröttur jazzseður um húsið með hljómsveitinni TUSK. Akureyrarvökuhelginni í Hofi lauk með hádegisjazzi á 1862 Nordic Bistro á sunnudeginum þar sem hinn heimskunni trommuleikari Jeff Herr lék ljúfan jazz ásamt þeim Sigurði Flosasyni, Kjartani Valdemarssyni og Þórgrími Jónssyni.

Jólatónleikar í desember voru átta og má þar nefna Norðurljósin, Heima um Jóln og Þorláksmessutónleika Bubba Morthens.

### Búsetudeild


Búsetudeild veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldris, fötlun eða veikindum.

Helstu þættir í þjónustu deildarinnar 2016 voru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, sértæk heimaþjónusta við aldraða og fatlað fólk, frekari liðveisla við fatlað fólk, sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk, skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks og ráðgjöf iðjuþálfa.

Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk.

Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu, sinnir deildin ráðgjafþjónustu við íbúa Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps, samkvæmt samningum þar að lútandi.


### Fjöldi heimila með almenna félagslega heimaþjónustu 2008-2016



Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að fólki skuli gert kleift að búa sem lengst á eigin heimili í stað þess að flytja á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Þjónustan er margvísleg, allt frá því að vera minniháttar aðstoð við heimilishald upp í að vera mjög umfangsmikil þjónusta þar sem veitt er aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og til þátttöku í samfélaginu.

Fjöldi heimila sem fengu heimaþjónustu á árinu 2016 voru 616 og á þeim heimilum bjuggu 594 einstaklingar. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvakt er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Hlutfallslega fleiri aldraðar konur eða 62% fengu heimaþjónustu en 38% voru aldraðir karlmenn. Í töflunni hér að neðan er nánari skipting á hlutföllum þjónustuþega eftir aldri og kyni.

### Hlutfall 65 ára og eldri sem fengu heimaþjónustu




Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 76 einstaklingar þjónustunnar, 52 karlmenn og 24 konur. Af þessum einstaklingum bjuggu sex á áfangahemili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir en þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í íbúðakjörnum þar sem nokkrar íbúðir eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Veittur er stuðningur eftir þörfum hvers og eins.

Árið 2016 voru 3 einstaklingar í öryggisvistun í þar til gerðu úrræði. Íbúðir þeirra eru sérstaklega hannaðar fyrir þjónustuna og mönnum er umtalsvert meiri en almennt gerist í þjónustu við fatlað fólk.

Þrjú herbergjasambýli eru starfrækt á vegum Akureyrarbæjar þar sem 16 einstaklingar búa en stefnt er að því að bjóða þeim búsetu í íbúðum.

Auk þess fengu 44 einstaklingar í húsnæði á eigin vegum sértæka heimaþjónustu/frekari liðveislu.

### Sértæk búsetuþjónusta og frekari liðveisla



Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Í skammtímaþjónustu er jafnframt boðið upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda.






Notendur skammtímaþjónustu voru 20 á árinu, 12 yngri en 18 ára og 8 fullorðnir. Undanfarin ár hafa fleiri eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börnum sem þurfa mikla þjónustu hefur fjölgað. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2016 voru 1.524, þar af 93 neyðarvistunarsólarhringar sem er nær helmingfjölgun frá árinu 2015 en þá voru þeir 57. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13-17 virka daga fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímamann er einnig í boði vistun fyrir sama hóp en 6-9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tólmstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Alls nýttu 20 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2016.

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslegan stuðning til að njóta félagslega einangrun og aðstoð eða þjálfun í félagslegum samskiptum. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs. Á árinu 2016 nutu 110 einstaklingar félagslegrar liðveislu til lengri eða skemmri tíma. Boðið er upp á hóplíðveislu í Rósenborg í samstarfi við samfélags- og mannréttindadeild fyrir drengi og stúlkur á aldrinum 10-16 ára. Alls tóku 19 drengir þátt í hópstarfinu á árinu og 9 stúlkur. Árið 2016 var í fyrsta skipti boðið upp á hóplíðveislu sem sérstaklega var ætluð stúlkum.

Á búsetudeild starfa iðjupjálfar sem veita ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Árið 2016 fengu 185 einstaklingar á öllum aldri ráðgjöf, 119 konur og 66 karlar.

Búsetudeild hefur á að skipa öflugum starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 250 í 192 stöðugildum. Að auki voru 22 í tímavinnu. Af starfsmönnum sem voru í starfsþróun voru 87 karlar í 70,5 stöðugildum og 163 konur í 121,5 stöðugildum. Karlar voru því 35% af vinnuafli í 37% stöðugilda og konur voru 65% af vinnuafli í 63% stöðugilda. Er þetta sambærilegt hlutfall og árið á undan. Af tímavinnustarfsmönnum voru karlar 38 og konur 58.

Hlutfallsleg kynjaskipting stöðugilda hjá búsetudeild



### Fasteignir Akureyrarbæjar

Fasteignir Akureyrarbæjar voru stofnaðar í mars 2001 og eru eignarhalds- og rekstrarfélag í eigu Akureyrarbæjar. Framkvæmdaráð fer með stjórn félagsins sem hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins. Helstu verkefni félagsins eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra.

### Helstu nýframkvæmdir Þórunnarstræti 99

Akureyrarbær skrifaði undir uppbyggingar- og framkvæmda-samning við Skátafélagið Klakk 28. maí 2014. Samningurinn tekur til uppbyggingar og framkvæmda við félagsaðstöðu fyrir Klakk á Akureyri. Seinni hluta árs hófst vinna, með skátafélaginu, við að skipuleggja jarðhæð hússins fyrir félagsstarfsemi skátafélagsins. Verkið var boðið út í verkgreinaútbóði í febrúar 2015 og var afhent notendum í febrúar 2016. Brúttó grunnflötur hvernig hæðar er um 310 m<sup>2</sup>.

### Naustaskóli

Þann 10. mars 2015 voru opnuð tilboð í innanhússfrágang á íþróttahúsi og búningasálmum Naustaskóla. Verkið var boðið út eftir iðngreinum og skipt upp í 6 flokka, lagnir, loftræstingu, rafmagn, húsasmíði og innréttingar, dúklagnir og málun. Stærð íþróttahúss er um 824 m<sup>2</sup> á 1. hæð og 202 m<sup>2</sup> á 2. hæð, samtals 1026 m<sup>2</sup>. Verklök voru í september 2016. Heildarstærð skólans með íþróttahúsinu er um 6.200 m<sup>2</sup>.

### Sundlaug Akureyrar

Stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar samþykkti við gerð þriggja ára áætlunar 2014-2017 að endurnýja rennibrautir í Sundlaug Akureyrar. Haldin var opin samkeppni á milli áhugasamra aðila í opnu útbóði á árinu 2014. Óskað var eftir því að uppgönguturninn fyrir rennibraut yrði yfirbyggður, upphitaður og vel loftræstur. Sömuleiðis var talinn mikill kostur ef rennibrautirnar myndu bjóða upp á nýja upplifun fyrir sundlaugargesti sem ekki finnst annars staðar á landinu. Framkvæmdir hófust á árinu 2016 og áætlað er að þeim ljúki í júní 2017.

### Listasafnið á Akureyri

Á árinu 2011 kom fram hugmynd um að tengja saman Listasafn og Ketilhús. Markmiðið er að gera sýnilegt að um eina stofnun sé að ræða og eins var talið að með því móti væri hægt að hagræða í rekstri safnsins. Lengi hefur staðið til að taka efri hæðir hússins undir starfsemi Listasafnsins, enda býður 3. hæð hússins upp á frábæra möguleika fyrir safnið þar sem rýmin sem þar er að finna eiga sér varla hliðstæðu hér á landi og myndi þetta því setja Listasafn Akureyrar í einstaka stöðu meðal safna á Íslandi. Í framkvæmdaframliti Akureyrarbæjar 2015 kemur fram að áætlað er að fara í endurnýjun á húsnæðinu og er áætlað að hönnun ljúki í febrúar 2017. Á árinu 2015 var farið í endurnýjun á þakainangrun, þakdúk, þakköntum og yfirborðsferni á 3 af 4 þökum listasafnsins.

Framkvæmdir verða boðnar út fyrri hluta árs 2017.

## Nökkvi, bátaskýli og þjónustuhús

Í október 2016 var efnt til samkeppni á milli arkitekta á Akureyri um hönnun bátaskýlis og þjónustuhúss fyrir starfsemina á félagssvæði Nökkva. Gefnar voru upp hönnunarforsendur sem arkitekta myndu hafa að leiðarljósi. Fyrir valinu varð tillaga AVH ehf en tillaga þeirra þótti falla vel að umhverfinu með nútímalegu útliti, form hússins er einfalt og hlutföll byggingarinnar vel leyst.

Unnið er að hönnun húss og reiknað er með að hönnun verði tilbúin til útboðs í september 2017. Reiknað er með að bygging bátaskýlis verði boðið út seinni hluta árs 2017 og framkvæmdum ljúki á vordögum 2018.

## Boginn

Gervigras var endurnýjað og gert við undirlag. Lagt var Mondo tartan efni á um 400 m<sup>2</sup> gönguleiðir við sunnan- og vestanverðan völlinn. Áhorfendabekkir voru þússaðir upp og lakaðir og undir þá smíðaðar brautir. Smíðaðar voru stálfestingar til upphengingar á frjálsþróttabúnaði. Til að bæta öryggi notenda voru smíðaðar hlífur ár blíkki sem settar voru utan um stálbitana í norðurenda hússins. Einnig var sett upp nýtt endanet við vesturhluta vallarins og smíðaðar stálfingur til að minnka eftirgefanleika netsins. Nýjar hurðir voru settar á báða enda tengigangsins við Hamar. Einnig var öll lýsing í húsinu yfirfarin ásamt neyðarlýsingu og hljóðkerfi. Þegar starfsmenn FIFA komu til að gera FIFA 2 star prófanir á vellinum kom í ljós að hann var aðeins of harður og til að laga það og fá FIFA 2 star vottun þurfti að bæta við um 2,5 kg/m<sup>2</sup> af gúmmikurli í völlinn. Þessi viðbót af gúmmikurli hefur verið pöntuð en er ekki komin til landsins. Framkvæmdin tókst afar vel og er allt annar bragur á húsinu og það allt miklu bjartara. Framkvæmdir hófust í byrjun september og var nýtt gervigras tekið í notkun 10. október 2016.

## Skautahöll

Vinna við hönnun á nýju svelli og breytingum innanhúss hófst í byrjun ársins 2015. Auk endurnýjunar á svelli, felst verkið í breytingum á búningsaðastöðu, koma þarf fyrir sal og æfingaaðstöðu á annarri og þriðju hæð, og bæta aðkomu, setja upp stiga og lyftu. Framkvæmdir hófust í febrúar 2016.

## Leiguíbúðir

Keyptar voru tvær tveggja herbergja íbúðir á árinu 2016.

## Viðhald

### Leikskólar

Stærsta viðhaldsverkefni ársins í leikskólum var vinna við leiksvæðin við Naustatjörn og Krógaból. Þar voru settar nýjar fallvarnir undir leiktæki og lóðir endurskipulagðar með tilliti til þarfa notenda. Bæði húsin voru máluð að utan og unnið að blikkviðgerðum. Málað var innanhúss í Naustatjörn, Lundarseli, Kídagili og Krógaból. Gólfefni á forstofu Íðavalla var endurnýjað. Við Pálmholt og Flúðir var farið í nýlagningu á snjóbræðslu og steypt ný stétt við Flúðir. Farið var í vinnu með skóladeild um bættu hljódvist í Naustatjörn og Kídagili og unnið að endurbótum.

### Grunnskólar

Stærsta verkið í grunnskólum var endurnýjun á tengigangi og þaki á Glerárskóla. Síðuskóli var málaður að utan og timbur lagað. Einnig var kaffistofa starfsmanna endurbætt. Giljaskóli var málaður að utan. Í Lundarskóla voru salerni í kjallara B-álfu endurnýjuð og aðlöguð að þörfum fatlaðara.

### Meningarmannvirki

Styrkur barst frá húsafríðunarnefnd fyrir hluta framkvæmda við Nonnahús þar sem farið var í að laga þak á vesturhluta byggingar. Í Hofi var sett upp leikmunageymsla í kjallara. Stiginn milli hæða á Amtsbókasafninu var þússaður og móttaka færð innar í gömlu bygginguna. Við þær breytingar þurfti að laga tölvulagnir og lofttræsikerfi var endurnýjað. Skjalageymsla var löguð í Samkomuhúsinu og veggir og gólf voru þússuð og máluð. Brunakerfi hússins var bætt. Byrjað var að laga lóð og stíg að Davíðshúsi og verður það klárað sumarið 2017. Í Holti í Hrísey var skipt um gler og opnanleg fög þússuð og löguð.

### Íþróttamannvirki

Skipt var um varmanýtihjól í Íþróttamiðstöðinni við Giljaskóla og hluta af loftljósum í sal. Bætt var 10 tonnum af gúmmi í gervigrasið á KA-vellinum. Við Reidhöllina var lagað lofttræsikerfi og gólf endurbætt með skeljasandi. Gert var við múr utanhúss á Rósenborg og húsið málað. Skipt var um þakkúf, þakeinangrun og þakkanta á Íþróttahöllinni yfir aðalinngangi og kaffiaðstöðu austan megin.

### Öldrun og þjónustuheimili fatlaðra

Í Snægili 1 var sameiginlegt eldhús endurnýjað og hitakerfi hússins endurbætt. Endurnýjað var gólfefni í Hafnarstræti 16 og neyðarlýsing sett upp í húsinu. Gert var við múr í Þrastarlundi og húsið málað að utan. Unnið var að endurbótum á stígum, lýsingu og lóð við Víðilund. Byrjað var að endurnýja uppþvottavélar og laga eldhús í sameiginlegum rýmum í Lögmannshlíð. Málað var innanhúss í Hlíð, unnið við neyðarljós og brunakerfi í aðaleldhúsi. Sérstakur djúpsteikingarbúnaður var settur upp í eldhúsi. Í Jörvabyggð 14 voru þakkantar og þakrennur endurnýjaðar. Í Vallartúni 2 var ofnakerfi sett í glerbyggingu.

### Þjónustumannvirki

Á Slökkvistöð Akureyrar voru ofnar og hitablásarar endurnýjaðir. Einnig voru bílskurshurðir fyrir sjúkrahúsið endurnýjaðar. Endurnýjuð var eldhúsinnrétting á 3. hæð Ráðhússins og múrviðgerðir voru gerðar utanhúss.

### Leiguíbúðir

Í Smárahlíð 1-3 var skipt um gler og gluggalista. Unnið var að miklum endurbótum á fjórum íbúðum sem komnar eru til ára sinna.

## Fjármála- og hagþjónusta

Bæjarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2016 þann 14. desember 2015. Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar árið 2016 litaðist mjög af hárrí gjaldfærslu vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingum og var samstæða Akureyrarbæjar rekin með 80 milljónum króna halla sem er þó ríflega 600 milljónum króna betri árangur en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Sjóðstreymi ársins er betra en á síðasta ári, sérstaklega í A-hluta.

Samstæða Akureyrarbæjar var, sem áður segir, rekin með 80 milljónum króna halla þegar tekið hefur verið tillit til ríflega 1.242 milljónum króna gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu. Gjaldfærslan setur verulegan svip á niðurstöður ársreikningsins. Stafar hún m.a. af verulegri hækkun á vísitölu lífeyrisskuldbindingu opinberra starfsmanna, tekin er inn ný lífslíkatakafla og lagri ávöxtun eigna lífeyrissjóða á síðasta ári. Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar var að öðru leyti nokkuð viðunandi og rekstrarniðurstaða ársins í meginatriðum eins og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði og tekjuskatt var jákvæð um 755 milljónir króna en áætlun hafði gert ráð fyrir 754 milljónum króna rekstrarafgangi. Heildarniðurstaða var þó verulega betri en áætlanir gerðu ráð fyrir þrátt fyrir 80 milljónum króna neikvæða niðurstöðu en áætlun gerði ráð fyrir 687 milljónum króna neikvæðri niðurstöðu. Meginskýring á þessum mun er lægri fjármagnskostnaður samstæðunnar en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.639 milljónum króna sem er 1.284 milljónum meira en áætlun hafði gert ráð fyrir og 370 milljónum króna hærrí upphæð en árið áður. Handbært fé frá rekstri nam 2.212 milljónum króna. Fjárfestingahreyfingar námu samtals nettó 2.340 milljónum króna. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals nettó 704 milljónum króna. Afborgun langtímalána nam 959 milljónum króna en ný langtímalán voru 245 milljónir króna. Lækkun á handbæru fé á árinu nam 832 milljónum króna og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok 2.678 milljónum króna. Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur nam 11,7% í samstæðunni og 8,5% í A-hluta. Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda og hækkun lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 9.868 milljónir króna. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.522 sem er fækkun um 3 stöðugildi frá árinu áður. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins í hlutfalli af rekstrartekjum þess voru 60,4%. Annar rekstrarkostnaður var 29,5% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 695 þúsund krónur á hvern íbúa en tekjur samtals 1.219 þúsund krónur á hvern íbúa. Árið 2015 voru skatttekjurnar 644 þúsund krónur á hvern íbúa og heildartekjurnar 1.130 þúsund krónur á hvern íbúa. Niðurstaða A-hluta var neikvæð um 340 milljónir króna en



fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 629 milljónir króna. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga nam 1.140 milljónum króna í A-hluta sem er 840 milljónir króna umfram áætlun. Á móti kom að lítil verðbólga og hagstæð gengisbrún urðu til þess að fjármagskostnaður var mun lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sveitarfélagsins í árslok 2016 bókfærðar á 42.488 milljónir króna en þar af voru veltufjármunir 5.367 milljónir króna. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum námu samkvæmt efnahagsreikningi 23.910 milljónum króna en þar af voru skammtímaskuldir 3.398 milljónir króna. Fjárhagur Akureyrarbæjar er traustur og nam skuldavæðingin í árslok samkvæmt reglum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga 87% en var 94% árið áður.

Veltufjárhlutfallið var 1,58 í árslok 2016 eins og árið áður. Bókfært eigið fé nam 18.578 milljónum króna í árslok. Eiginfjárhlutfall var 44% af heildarfjármagni eins og árið áður.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: [www.akureyri.is/jysar-fjarmalaupplysingar](http://www.akureyri.is/jysar-fjarmalaupplysingar).

## Árskýrsla húsnæðisdeildar 2016

### Almennar húsaleigubætur

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmiðið með bótunum er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar almennar húsaleigubætur námu 275,6 milljónum á árinu 2016 á móti 291,3 milljónum á árinu 2015 og er það 5,4% lækkun á milli ára. Fjöldi bótaþega í lok árs stóð nánast í stað. Þeir voru 1.016 í lok árs 2016 en 1.004 í lok árs 2015.

Heildarfjöldi þeirra sem fengu húsaleigubætur á árinu var 1.264 en var árið áður 1.321.

Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í lok árs 2016 var sem hér segir: sjá tafla: Almennar húsaleigubætur.

### Sérstakar húsaleigubætur

Sérstakar húsaleigubætur eru greiddar til þeirra sem leiga á almennum markaði og uppfylla reglur um úthlutun leiguíbúða Akureyrarbæjar.

Á árinu 2016 voru greiddar 69,6 milljónir til að meðaltali 429 einstaklinga á mánuði á móti 65 milljónum árið 2015. Aukning á milli ára er 7% og fjölgun bótaþega er 3%. Þeir voru að meðaltali 416 árið 2015. Meðaltal bótaupphæðar var tæpar 13.520 krónur á mánuði á hvern umsækjanda. Samtals fengu 535 einstaklingar sérstakar húsaleigubætur á árinu öllu.

Í meðfylgjandi töflu sést hvernig sérstöku bæturnar skiptast á milli leigjenda hjá Akureyrarbæ og á almenna markaðnum.

Húsnæðisdeild sýslar með félagslegar leiguíbúðir Akureyrarbæjar í umboði fjármálastjóra í samræmi við reglur sem um þær gilda. Má þar nefna móttöku umsókna og umsjón umsóknarlista, úthlutanir, gerð leigusamninga, umsjón með greiðslu húsaleigu og eftirlit með að skilyrðum sé fullnægt. Einnig sá húsnæðisdeild um greiðslu almennra og sérstakra húsaleigubóta ásamt ráðgjöf og upplýsingagjöf tengdri húsnæðismálum. Með tilkomu húsnæðisbóta hefur þessum greiðslum verið hætt en sérstakar húsnæðisstuðningur er greiddur í stað sérstakra húsaleigubóta.

Í árslok 2016 voru 143 aðilar á umsóknarlista eftir íbúð hjá Akureyrarbæ en auk þess óskuðu 29 leigjendur eftir flutningi innan kerfisins í hentugra húsnæði. Í árslok 2016 voru 306 leiguíbúðir og

Sérstakar húsaleigubætur – leiguíbúðir Akureyrarbæjar						
Atvinnustaða	Gift/samb. Með börn	Gift/samb. Án barna	Einst. foreldr	Einhl. konur	Einhl. karlar	Samt.
Í atvinnu	1	0	21	1	0	23
Atvinnulaus	4	0	1	0	0	5
Öryrkjar	8	5	33	58	75	179
Ellilífeyrisþegar	0	3	0	22	15	40
Heimavinnandi	0	0	0	0	0	0
Nemar	0	0	0	0	0	0
Samtals	13	8	55	81	90	247

Sérstakar húsaleigubætur - almennur markaður						
Atvinnustaða	Gift/samb. Með börn	Gift/samb. Án barna	Einst. foreldr	Einhl. konur	Einhl. karlar	Samt.
Í atvinnu	0	0	34	11	6	51
Atvinnulaus	0	1	10	12	4	27
Öryrkjar	5	3	44	41	23	116
Ellilífeyrisþegar	0	1	0	9	3	13
Heimavinnandi	0	0	0	1	0	1
Nemar	2	0	4	2	1	9
Samtals	7	5	92	76	37	217

hús í eigu Akureyrarbæjar auk þess sem 30 íbúðir voru leigðar af öðrum og voru þær flestar framleigðar til fatlaðra sem þurfa sértækt húsnæði. Samtals voru því leigð út 336 rými. Tvær 2ja herbergja íbúðir voru keyptar á árinu og ein 3ja herbergja tekin á leigu.

Umsóknir um leiguíbúð á árinu 2016 voru 120 en voru 112 árið 2015. Af þeim voru 77 samþykktar en 43 hafnað þar sem skilyrði voru ekki uppfyllt eða umbeðin gögn bárust ekki. Biðtími hefur lengst þar sem leigjendaskipti eru færri en verið hefur. Úthlutanir voru 43 á árinu en 7 höfnuðu úthlutun og féllu út af lista.

Í tengslum við stjórnsýslubreytingar hjá Akureyrarbæ hafa þessi verkefni verið flutt til fjölskyldusviðs frá 1. janúar 2017.



Almennar húsaleigubætur						
Atvinnustaða	Gift/samb. Með börn	Gift/samb. Án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	58	7	150	74	49	334
Atvinnulaus	6	7	15	14	10	52
Öryrkjar	18	9	80	112	126	345
Ellilífeyrisþegar	0	14	0	24	21	59
Heimavinnandi	0	0	0	1	0	1
Nemar	19	25	23	103	58	228
Samtals	101	62	268	324	264	1016





## Fjölskyldudeild

Árið 2016 var annasamt á fjölskyldudeild eins og endranær. Áfram var unnið að ýmsum samstarfs- og þróunarverkefnum. Má þar nefna „Meðan glugginn er opin“, samstarfsverkefni með lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi sem hófst árið 2015, samstarf við samfélags- og mannréttindadeild sem varðar m.a. aðild barnaverndar og sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla að úrræði sem heitir Skólasmíðjan og samstarf við forvarnafulltrúa í málum unglunga sem sýna áhættuhegðun með andfélagslegu sniði. Áfram var unnið að innleiðingu á nýju verklagi við mat á einstökum barnaverndarmálum, sem nefnt er ESTER, í samvinnu við Barnaverndarstofu og samvinna var um MST-medferð sem Barnaverndarstofa veitir á svæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar.

Í upphafi árs 2015 var gert samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga vegna atvinnumála fatlaðra. Það fól í sér að sveitarfélögin reka áfram vinnustaði fyrir fatlaða og sjá þar með um hæfingu, virkni, starfsþjálfun og verndaða vinnu auk þess að útdeila styrkjum skv. 27. grein laga um málefni fatlaðs fólks en að verkefnið Atvinna með stuðningi (AMS) fluttist til ríkisins eða Vinnumálastofnunar ríkisins. Tveir starfsmenn deildarinnar sem sinntu AMS fluttust í ársbyrjun með verkefniinu til Vinnumálastofnunar. Askjan fjölskyldustuðningur er úrræði deildarinnar til þess að aðstoða barnafjölskyldur í vanda en þjónustan er veitt inni á heimilum. Á árinu var unnið að því að efla þessa þjónustu og styrkja í sessi. Áfram var haldið með NPA-þjónustu sem er tilraunaverkefni á landsvísi og unnið í góðu samstarfi á milli deilda bæjarins sem eru auk fjölskyldudeilda, búsetudeild og fjárreiðudeild. Seinni hluta árs fór fram vinna vegna stjórnkerfisbreytinga sem kynntar voru á haustdögum og koma átta til framkvæmda um áramót.

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar lækkuðu lítillega á milli ára. Heildarútgjöldin á síðasta ári voru 144.669.982 krónur sem er tæpum 160 þúsund krónum lægri en árið áður. Viðtakendum fjárhagsaðstoðar fækkaði og voru 359 sem eru fjórum færri en árið 2015 og er hlutfall þeirra sem fá fjárhagsaðstoð 1,94% af íbúafjölda sveitarfélagsins.

Einhleypir karlar eru stærsti hópurinn eða 38% en þar á eftir koma einstæðar mæður eða 28%. Á síðasta ári fækkaði einnig þeim sem þigga langtímaaðstoð en þá fengu 11 einstaklingar fjárhagsaðstoð í öllum mánuðum ársins á móti 18 árið 2015 og 13 árið 2014.

Á árinu 2016 var tekið við 516 barnaverndartilkygningum og hafin var könnun að eigin frumkvæði í 12 málum. Þetta er um 12% fjölgun frá síðasta ári og bætist við 24% fjölgun sem var milli árána 2014 og 2015. Málefni 312 barna voru til könnunar og meðferðar á árinu, sem er sami fjöldi og undanfarin tvö ár. Hið sama má segja um fjölda fjölskyldna þar sem íhlutun átti sér stað. Sú mikla fjölgun tilkynninga sem orðið hefur undanfarin tvö ár vekur athygli. Hana má að mestu leyti rekja til þess að tilkynningum frá lögreglu hefur fjölgað um 155% á tveimur árum. Ein ástæða þessarar fjölgunar hlýtur að vera breytt verklag lögreglunnar

en einnig eru margvísleg afskipti lögreglu af unglungum nú algengari en áður. Lögregluafskiptum vegna heimilisófriðar og ágreinings þar sem börn eru til heimilis, hefur og fjölgað. Í árslok voru 14 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar. Þrettán börn voru í tímabundnu fóstri á árinu og auk þess tvö í vistun á einkaheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Eitt barn var vistað til langs tíma á vistheimili á vegum Akureyrarbæjar. Á árinu fóru þrjú börn í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla og fimm sinnum var barn vistað þar í skammtímavistun. Þá fóru tvö börn á langtímameðferðarheimili hjá Barnaverndarstofu á árinu.

Börnum í leik- og grunnskólum og fjölskyldum þeirra er veitt sérfræðipjónusta ef þörf krefur, auk þess sem starfsfólk skólanna fær ráðgjöf. Skólaárið 2015/2016 voru 2.928 börn í 14 grunnskólum á þjónustusvæðinu en 1.231 barn í 17 leikskólum. Málafjöldinn úr leikskólunum var 231 sem skiptust þannig að 213 mál komu úr leikskólum Akureyrarbæjar en 18 mál komu frá leikskólum utan Akureyrar. Heildarmálafjöldi úr grunnskólum var 726 sem skiptust þannig að 655 mál komu úr skólum á Akureyri en 71 mál kom úr skólum utan Akureyrar. Umtalsverð teymisvinna fer fram vegna fatlaðra barna og barna með hegðunarfrávik.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi af fjölskyldum barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu voru 36 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði. Alls var þessi þjónusta veitt í 868 sólarhringa. Miðað við árið á undan er um verulega fækkun sólarhringa að ræða en sama fjöldi barna. Biðlisti myndaðist á árinu vegna skorts á stuðningsfjölskyldum en í árslok hafði ræst úr því. Þá voru fjögur börn á bið eftir þjónustu.

Framfærundur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eda líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eda sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldudeilda er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötlud börn. Einnig aðstoðar deildin einstaka foreldra barna með vægari hegðunar- og þroskaraskanir við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat. Í desember 2016 voru á skrá hjá fjölskyldudeild 170 fjölskyldur með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barna. Um er að ræða fjölgun um tvö börn frá fyrra ári. Flest börnin eða 156 búa á Akureyri en 14 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu. Alls voru 64 umsóknir um umönnunargreiðslur afgreiddar á fjölskyldudeild á árinu.

Á árinu 2016 voru 36 fötlud börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði. Alls var þessi þjónusta veitt í 868 sólarhringa. Miðað við árið á undan er um verulega fækkun sólarhringa að ræða en sama fjöldi barna. Biðlisti myndaðist á árinu vegna skorts á stuðningsfjölskyldum en í árslok hafði ræst úr því en þá voru fjögur börn á bið eftir þjónustu.

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna á heimilum þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu





eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna á heimili. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni og sl. haust var ráðið í 50% starf til viðbótar við 75% stöðuhlutfall sem fyrir var. Hafin var vinnsla í 31 máli á árinu og vinnslu var lokið í 18 málum. Í árslok voru 23 mál í vinnslu. Alls var unnið í 40 málum á árinu en vinnslutími mála var 5-8 mánuðir. Fjórar fjölskyldur voru á biðlista um áramót.

Í Skógarlundi fengu 50 einstaklingar þjónustu á árinu 2016. Í lok árs fengu allir notendur þjónustu að hámarki fjórar klukkustundir utan einn sem fékk þjónustu allan daginn. Í árslok 2016 voru þar 17 starfsmenn í rétt tæpum 15 stöðugildum. Sex þroskaþjálfar, þ.m.t. forstöðumaður, einn myndmenntakennari, einn íþróttafraeðingur, tveir félagsliðar og sjö almennir starfsmenn. Einn iðjubjálfi var í starfi megnið af árinu en fékk leyfi frá störfum á haustönn.

Starfið í Skógarlundi er í stöðugri þróun. Meiri áhersla hefur verið lögð á hópstarf, einstaklingsvinnu, útivist og hreyfingu, svo eitthvað sé nefnt. Notendur Skógarlunda voru með sýningar á verkum sínum, annars vegar í Pennanum Eymundsson og hins vegar í Skógarlundarhúsinu í tengslum við viðburðinn List án landamæra. Árlegur aðventu- og jólamarkaður var haldinn föstudag og laugardag fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Allur varningur sem þar var selður var unnin af notendum Skógarlunda. Jólgleði var haldin að venju í byrjun desember. Opið hús var í maí og er tilgangur þess að kynna starfið fyrir gestum og gangandi.

Rekstur Plastiðjunnar Bjargs/Íðjulundar (PBI) gekk vel á árinu 2016. Tekjur jukust um 4,15% á milli ára en þær hafa verið að aukast jafn og þétt á síðastliðnum árum. Meginuppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleiðsluvörur eru raflagnaefni, kerti, mjólkursíur, búfjármerki, diskapurkur, klútar og skilti. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarvörum fyrir Endurvinnsluna hf. en tekið er á móti einnota drykkjarvörum frá Norður- og Austurlandi og frá Ísafirði.

Hjá PBI voru alls níu starfsmenn í stöðum verkstjóra og yfirmanna í 8,30 stöðugildum en 13 verkamenn í 10,54 stöðugildum, þar af sjö á örorkuvinnusamningum og tveir í sérstöku átaki á vegum Akureyrarbæjar. Á árinu var 41 einstaklingur, 26 karlar og 15 konur, í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun sem er sami fjöldi og árið áður. Markmið með starfsþjálfun er að þjálfva einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum markaði. Í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 22 einstaklingar með jafnri kynjaskiptingu. Sú breyting varð á árinu að allar umsóknir um vinnu á PBI fara nú í gegnum Vinnuárástofnun. Eins og áður var lögð áhersla á símenntun starfsmanna sem sóttu ýmis námskeið og ráðstefnur.

## Framkvæmdadeild

Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar hefur umsjón með gatna- og stígakerfi bæjarins, gatna- og stígalýsingu, umhverfismálum, hreinlætismálum, meindýraeyðingu, gæludýrahaldi, búfjárhaldi, leigulöndum, slökkviliði, strætisvögnum og ferlibílum. Einnig heyrta útivistarsvæði bæjarins undir framkvæmdadeild en rekstrarsamningar eru þó um Kjarnaskóg og Tjaldstæði bæjarins.

Framkvæmdaráð fer með stjórn deildarinnar í þeim málaflokkum sem heyrta undir það en umhverfisnefnd fer með stjórnina í umhverfismálum. Starfsmenn framkvæmdadeilda eru níu í átta og hálfu stöðugildi og eru verkefni þeirra fjölbreytt eins og fram kemur hér að neðan.

## Götur og stígar

Lokið var við Naustahverfi, framkvæmdaáfangi sem nefnist Hagar, en í því fólst að útbúa 2,2 km af götum ásamt stígum,

lýsingu og undirgöngum. Framkvæmdir hófust við gatnagerð á götunni Austurbú þ.e. á reitnum bak við Bautann. Lengd gatna er um 0,5 km og fjöldi bílastæða um 130 talsins. Lokið var við tvær landfyllingar. Annars vegar við Torfunefsbyggju og hins vegar við Strandgötu sunnan Átaks. Við þessar landfyllingar urðu til nokkrar lóðir og pláss fyrir bílastæði. Unnið var að frágangi opinna svæða og hliðarsvæða í Naustahverfi og öðrum bæjarhlutum auk annarra smærri verkefna. Framkvæmdir hófust á árinu við endurgerð hluta af Kjarnagötu vegna jarðsigs.

Ráðist var í að endurskipuleggja leiðakerfi SVA og því fylgdi að gera þurfti breytingar á gatnakerfi. Eins þurfti að bæta við nýjum biðstöðvum og færa til aðrar.

Í malbikun var seinna malbikslag lagt á Dalsbraut, kaflann milli Þingvallastrætis og Skógarlunda, malbikuð voru tvö hringtorg sem tengjast Naustagötu og nýjum áfangi í Naustahverfi sem nefnist Hagar.

Unnið var við frágang á Drottningarbrautarstíg og við lýsingu á kafla við flugvöllinn. Hellulagður var stígur norðan við Laxdalshús. Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðs vegar um bæinn byggðir upp og malbikaðir.

Alls var lagt malbik á um 1,2 km af stígum og gangstéttum.

## Umferðaröryggi

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólayfirvöld og nemendur. Nú er unnið að endurbótum á Þjóðvegi 1 í samráði við Vegagerðina og sett voru upp ný umferðarljós ásamt stýribúnaði við gatnamót Glerárgötu og Þórunnarstrætis. Framkvæmdir hófust við gatnamót Drottningarbrautar og Austurbúar en í þeim felst að stefnugreina gatnamótin og setja upp nýja gangbraut til að tengja svæðið við stíginn við Drottningarbraut. Einnig var unnið að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar notaðar til að meta hvernig tekist hefur til með lækkan á hámarkshraða.

## Hreinlætismál

Heimilisúrgangur frá íbúum Akureyrar hefur heldur aukist á milli ára 2015 og 2016. Almennit sorp sem fór í urðun á Sölvabakka var rúmlega 142 tonn að meðaltali á mánuði á árinu 2016 og jókst um 13 tonn. Endurvinnsluefni af grenndarstöðvunum hefur dregist aðeins saman og var rétt rúmlega 65 tonn að meðaltali á mánuði á móti 66 tonnum árið 2015. Lífrænn úrgangur sem fer til jarðgerðar í Moltu er mjög svipaður á milli ára, eða um 63 tonn að meðaltali á mánuði. Farið var í stórt kynningarátak á árinu með það að markmiði að minnka myndun úrgangs og auka endurnýtingu.

Byrjað var á endurbótum á gámasvæðunum í Hrísey og Grímsey ásamt því að koma upp grenndarstöðvum með svipuðu fyrirkomulagi og á Akureyri en þar sem framkvæmdir fóru seint af stað tókst ekki að ljúka þeim á árinu.

## Umhverfismál

Lystigarðurinn var rekinn með hefðbundnum hætti á árinu og ýmsir viðburðir voru í garðinum þetta árið, s.s. leiksyningar, hluti dagskrár 17. júní og Akureyrarvöku.

Akureyrarbær sá alfarið um viðhald og umhirðu grænna svæða svo sem sáningar, grasslátt, gróðursetningar og trjá- og runnaklippingar á árinu og gekk það mjög vel.

Bæði á Akureyri og í Hrísey var baráttunni haldið áfram við að hefta útbreiðslu skógarkerfils og lúpínu en ljóst er að árangur mun láta á sér standa ef aukid fjármagn verður ekki sett til verksins.

Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 40.000 sumarblóm

en dregið var verulega úr gróðursetningu sumarblóma í hverfum bæjarins. Eins og áður var mest áhersla lögð á miðbæjarsvæðið. Í ræktunarstöðinni voru ræktaðar bæði trjá- og runnplöntur af ýmsum tegundum til útplöntunar í bæjarlandið ásamt um 30.000 skógarplöntum sem plantað var í Græna trefillinn norðan Glerár í landi Hrappstaða, Lögmannshlíðar og Kífsár.

Matjurtagarðar voru líkt og undanfarin ár starfræktir í tengslum við ræktunarstöðina en aðsókn var heldur minni en undanfarin ár. Þá voru ræktaðar matjurtir fyrir öldrunarheimilin í Hlíð og Lögmannshlíð auk Glerárskóla. Einnig er íbúum Hríseyjar boðið upp á matjurtagarða og er ásókn í þá með ágætum.

Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með hefðbundnu sniði og rekstrarskoðanir framkvæmdar reglulega.

Rekstur jarðeigna og dýraeftirlits var hefðbundinn en það annast eftirlit og skráningu hunda, katta og búfjár. Jarðeignir og dýraeftirlit annast ennfremur vöktun og eyðingu á rottum, vargugli, ref, minki og kaninum. Jarðeignir og dýraeftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgjörðingu, landamerkgjörðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Einnig er haldið utan um útgáfu búfjárleyfa og leigu beitarlanda.

Verkefni umhverfisáttaks voru mjög fjölbreytt líkt og undanfarin ár. Hverfisnefndirnar og hverfisráðin fengu úthlutað fjármunum og var því ráðstafað til hinna ýmsu verkefna, s.s. vinnu við útikennslustofu, grillhús, stíggagerð, húsamerkingar, kaup á bekkjum, borðum og leiktækjum. Meðal annarra verkefna umhverfisáttaksins var að endurgera leikvöllinn við Vallargerði, uppsetning leiktækja við nýja svæðið við Birkivöll í Kjarnaskógi, endurgerð grillhússins og leiktækja við Steinagerðisvöll í Kjarnaskógi og bygging salernishúss við nýja bílastæðið. Útplöntun í Græna trefillinn var haldið áfram á haustdögum og gekk það verkefni vel en óhjákvæmilega verður að fækka beitarlöndum norðan Glerár enn meira svo skógræktin nái fram að ganga.

Rusladöllum og bekkjum var fjölgað í bæjarlandinu og verður því verkefni haldið áfram. Þá var unnið að gerð hjólréiðaslóða frá Hlíðarfjalli til Kjarnaskógar og borð ofan í stíga í Naustaborgum og Kjarnaskógi. Um 50% af fjármagninu sem veitt var til umhverfisverkefnisins árið 2016 fór í uppfyllingu við Hof og Torfunefsbyggju.

### Umhverfismiðstöð

Starfsemi Framkvæmdamiðstöðvar Akureyrarbæjar og Strætisvagna Akureyrar var sameinuð þann 1. mars 2016 og þá var tekið upp nafnið Umhverfismiðstöð.

Markmiðið með sameiningunni er að skýra, einfalda og bæta samvinnu, samskipti og samræmingu vinnubragða milli framkvæmdadeildar, Framkvæmdamiðstöðvar og Strætisvagna Akureyrar. Áhersla er lögð á að auka skilvirkni í starfi og samvinnu framkvæmdamiðstöðvar og SVA.


Starfsmenn umhverfismiðstöðvar vinna ýmis verk sem tengjast verklegum framkvæmdum og ýmiss konar viðhaldi og umhirðu sem oft eru árstíðarbundin, snjómokstur og hálkvarnir yfir veturinn en gatnagerð, malbikun, sláttur og hirðing á opnum svæðum yfir sumarið. Auk þess er unninn fjöldi annarra verkefna fyrir ýmsar stofnanir bæjarins, eins og hreinsun á ýmsum svæðum bæjarins, skreytingar fyrir jól og ýmsar uppákomur, t.d. um verslunarmannahelgi og á afmæli bæjarins. Reynt var að halda utan um verkefni sumarsins með minni mannskap en undanfarin ár og gekk það vonum framár.

Síðastliðið vor fór af stað mikil vinna við endurskoðun leiðakerfis strætó í góðu samráði við notendur. Niðurstaðan var sú að á haustmánuðum var byrjað að aka eftir nýju kerfi, þar sem tímatáfla var litiðlega endurskoðuð eftir nokkra reynslu. Allt ferlið tók langan tíma því mikil vinna fór í að endurstilla öll tölvukerfi sem tengjast leiðakerfinu. Nýtt leiðakerfi byggist á 6 leiðum sem eknar eru af 4 vögnum eins og áður. Reynt var að koma til móts við flest sjónarmið en nýja leiðakerfinu fylgdu þónokkrar framkvæmdir við að byggja upp nýjar biðstöðvar þar sem þess þurfti.


Fjöldi farþega með strætisvögnum á síðasta ári var svipaður og árin á undan eða um 480.000 og eknir voru um 275.000 km.

Notkun ferliþjónustu hefur farið ört vaxandi að undanförunum og er það í tak við fjölgun eldri borgara í bæjarfélaginu. Þróun á notkun ferliþjónustunnar sést á meðfylgjandi stöplari.

Fimm ferlibílar hafa séð um ferliþjónustuna undanfarin ár en einnig hefur verið notast við leigubifreiðar þegar álag hefur verið hvað mest.



Vinnuskólinn heyrir undir Umhverfismiðstöð og voru vinnuskólinn og sumarvinna með stuðningi rekin með svipuðu sniði og árið 2015. Þó var inntaka í sumarvinnu með stuðningi takmörkuð við aldurinn 18-25 ára og þá sem ekki eru með aðra vinnu, sem er takmörkun frá því sem áður var. Að undanförunu hefur nemendum fækkað á milli ára og má væntanlega skýra það með batnandi atvinnuástandi almennt. Þróunin sést á meðfylgjandi stöplari.



### Slökkvilið Akureyrar

Lögbundin verkefni slökkviliða í landinu eru slökkvistörf, eldvarnaeftirlit, björgun fastklemmdra og viðbrögð við mengunarslysum. Slökkvilið Akureyrar er samningsbundið til að sinna sjúkraflutningum á Akureyri og nágrenni en auk þess fer sjúkraflutningamaðurur í öll sjúkraflug fyrir landið allt.

Slökkviliðið var kallað út 45 sinnum á árinu vegna elds eða gruns um eld.




Eldvarnaeftirlitið hafði í nógu að snúast eins og undanfarin ár. Helstu verkefni sneru að ýmis konar leyfisveitingum vegna aukinnar umsvifa í ferðamannageiranum og nýbygginga af ýmsum toga.

Á árinu 2016 réðst Akureyrarbær í svokallað „Eigið eldvarnaeftirlit“ í samstarfi við Eldvarnabandalagið. Í stuttu máli þá snýst verkefnið um að starfsmenn allra vinnustaða Akureyrarbæjar sinna mánaðarlegum skoðunum á sínum vinnustað. Markmið verkefnisins er að stuðla að meira öryggi fyrir starfsmenn og þjónustuþega sveitarfélagsins.

Fjöldi sjúkraflutninga á svæði SA stóð nokkurn veginn í stað á milli árunum 2015 og 2016. Líðið sinnti 2.162 beiðnum um sjúkraflutning og þar af voru 754 neyðarflutningar og 187 millistofnanaflytningar á milli sveitarfélaga en slökkviliðið flytur sjúklinga frá Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) til annarra sjúkrastofnana á svæðinu frá Egilsstöðum til Hvammstanga. Að meðaltali fara um fjórar klukkustundir fyrir tvo menn í hvern flutning.

Árið 2016 var enn eitt metárið í flutningi sjúklinga með sjúkraflugi. Eins og áður hefur komið fram fer sjúkraflutningamaðurur á vegum SA með í öll sjúkraflug en sjúkraflugið er samstarf þriggja aðila, það er SA, Mýflugs og SAK. Komin er áralöng reynsla á þetta samstarf og er það með miklum ágætum. Mýflug sér um rekstur sérhæfðrar sjúkraflugvélar og SAK leggur til lækni í þau útköll þar sem þess er óskað. Á árinu 2016 voru 711 sjúklingar fluttir í 672 flugferðum en það er tæplega 13% aukning í fjölda flugferða frá árinu áður.





### Samfélags- og mannréttindadeild

Samfélags- og mannréttindadeild hefur umsjón með rekstri félags- og tómsundamiðstöðva á vegum bæjarins og annast samskipti við félög sem starfa á því sviði, yfirstjórn íþróttamannvirkja og samskipti við íþróttafélög og samtök. Deildin sér einnig um forvarnamál, málefni ungs fólks, málefni nýbúa, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum. Tvö pólitísk ráð fara með yfirstjórn deildarinnar: Samfélags- og mannréttindaráð fer með æskulýðs-, tómsunda-, forvarna- og mannréttindamál en íþróttaráð með íþróttamál. Miðstöð deildarinnar er í Rósenborg sem áður var Barnaskóli Akureyrar.

### Félagsmiðstöðvar Akureyrar (Félag)


Á Akureyri eru starfræktar fimm félagsmiðstöðvar sem allir grunnskólar sveitarfélagsins hafa aðgang að. Allt starfsfólk Félag vinnur að sameiginlegum markmiðum og veitir aldurshópnum 10–16 ára þjónustu. Þeir skólar sem eru staðsettir utan Akureyrar fá þjónustu í formi námskeiða, fræðslu og ráðgjafar. Hriseyjarskóli og Hlíðarskóli fá reglubundna þjónustu en Grímseyjarskóli eftir aðstæðum.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna starfa sem forvarna- og félagsmálaráðgjafar hjá Akureyrarbæ og sjá því einnig um aðgerðaráætlun forvarna fyrir 0–25 ára samhlíða starfinu í félagsmiðstöðvunum.

Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Opíð er fjögur kvöld í viku í mismunandi félagsmiðstöðvum fyrir unglina. Að auki er fjölbreytt

klúbbastarf fyrir alla aldurshópa sem dreifist á alla virka daga. Í öllum grunnskólum er kennd valgrein, félagsmálafræði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Auk þessara hefðbundnu starfa hafa umsvif Félag aukist síðustu ár og má þar meðal annars nefna Skólasmíðju og fleiri sértæk verkefni. Reynt er að sjá til þess að í starfinu séu umsjónarmenn hópa af báðum kynjum til að tryggja börnum og unglingum aðgang að sterkum kynjafyrirmyndum. Einnig er áhersla lögð á að framboð verkefna hjá félagsmiðstöðunum sé sem jafnast til beggja kynja.


Forvarna- og félagsmálaráðgjafar sinna fjölbreyttri forvarnafræðslu fyrir bæði skóla og vinnuskóla. Einnig halda þeir utan um velferðaáætlun forvarnastefnu sem gerð er til tveggja ára í senn. Að auki leita þau leiða til að vekja athygli á forvarna- og lýðheilsutengdum málum í samfélaginu með pistlum í miðlum sveitarfélagsins útgáfu dagatals og seglum vegna netnotkunar barna. Öll þjónustan er gjaldfrjál en einstaka viðburðir kosta og er þá lögð áhersla á að styðja við fjáröflun svo kostnaður komi ekki í veg fyrir þátttöku.



Samtals heimsóknir í félagsmiðstöðvar Akureyrar á árinu 2016 eru um það bil 19 þúsund. Ekki er mögulegt að mæla alla þátttöku. Ekki er greinanlegur munur á þátttöku milli kynja.

### Ungmennahúsið

Ungmennahúsið er upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk frá 16 ára aldri. Segja má að starfsemin skiptist í tvær meginlínur, ráðgjöf og stuðning og svo menningu og listir. Starfsfólk Ungmennahússins hjálpar ungu fólki að koma góðum hugmyndum í framkvæmd og veitir aðstöðu til fjölbreytilegra verkefna. Sem dæmi er í boði hljóðstúdíó, myndlistargallerý, tölvur til myndvinnslu og æfingarými fyrir hljómsveitir. Einnig er salur sem er vel útbúinn til tónleika- eða minna sýningarhalds. Í Ungmennahúsinu eru starfandi ýmsir hópar og klúbbar s.s. Hinsegin Norðurland, AFS og Spilafélag Akureyrar. Alltaf er rými fyrir fleira fólk og fleiri verkefni. Boðið er upp á ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk um fjölbreytt mál svo sem vegna atvinnu, skóla, eða heilsufarsmála. Ýmis konar námskeið eru í boði og fjölbreytt úrræði undir hatti Virkisins sem er samstarfsverkefni fjölmargra stofnana sem vinna með ungu fólki og er staðsett í Ungmennahúsinu. Einnig veitir Ungmennahúsið ráðgjöf og aðstoð vegna tækifæra sem felast í erlendu samstarfi í gegnum Evrópu unga fólksins. Öll þjónustan er gjaldfrjál.



Samtals eru heimsóknir í Ungmennahúsið árið 2016 um það bil 13 þúsund en ekki er öll þátttaka eða heimsóknir skráðar. Aðeins hallar á kvenkynið en hlutfallið er rétt um 60% karlkyn og 40% kvenkyn.

### Punkturinn

Starfsemi Punktisins var með hefðbundnu sniði. Á árinu voru heimsóknir 18.994 í tómsundastarfið og aðstöðuna í Punktinum, þar af voru 76% konur og 24% karlar. Kynning á starfseminni fer fram á haustin. Boðið var upp á opna aðstöðu til handverksíðkunnar





auk styttri og lengri námskeiða og barnanámskeið eru í boði eftir að skóla lýkur á daginn. Í boði voru ýmis námskeið fyrir börn og fullorðna, t.d. glerbræðsla, leirmótun, húsgagnaviðgerðir, tálgun, mósaik, fatasaumur, kimono, konur og kollar, töff tréskilti, tauþrykk, námskeið á trérennibekk og brjóstsykurgerð svo eitthvað sé nefnt. Heimasiða Punksins er [punkturinn.akureyri.is](http://punkturinn.akureyri.is).

Barna- og unglíngastarfið fer fram á Punktinum frá kl. 15-17. Kynning á starfsemi barna- og unglínglinga fer fram í grunnskólunum á haustönn og eftir áramót.

Félagsmiðstöðvar eldri borgara eru tvær, í Víðilundi 22 og Bugðusíðu 1. Starfsemin er mjög fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð eldri borgara og Félag eldri borgara á Akureyri. Kynning á starfseminni fer fram á haustin. Félag eldri borgara hefur skrifstofuádstöðu og fundarherbergi í Bugðusíðu 1.

Aðsókn er mjög góð en þó sækja fleiri starfseminna í Víðilundi 22 en í Bugðusíðu 1. Fjöldi þeirra sem eru á aldrinum 67–87 ára og búa sunnan Glerár er tæplega 1.300 en tæplega 600 í sama aldurshópi búa norðan árinna. Skýrir það að einhverju leyti ólíkar aðsóknartölur í félagsmiðstöðvar eldri borgara. Fólk les blöðin, fær sér kaffisopa eða sækir annað félags- og tómstundastarf.

Aðventuhátíð og þorablótsgleði eru haldnar sameiginlega fyrir báðar félagsmiðstöðvarnar og var mæting afskaplega góð. Handverkssýning er á hverju vori og er hún vel sótt af íbúum bæjarins. Handverkssýningin var haldin í Íþróttahöllinni og er stór viðburður, selt var kaffi og meðlæti sem notendaráðið stóð fyrir og sá alfarið um alla skráningu.

Ýmsir aðrir viðburðir eru á hausti og vori. Sjá dagskrá félagsmiðstöðvanna á [akureyri.is](http://akureyri.is).

### Íþróttamál

Í upphafi árs 2016 hækkaði frístundastyrkur fyrir 6-17 ára börn á Akureyri í 16.000 kr. Nýting frístundastyrksins var rúm 72% árið 2016. Dreifing á nýtingu styrkja eftir kyni er misjöfn milli félaga/fyrirtækja en í heildina er nýting milli kynja jöfn.

Í febrúar lágu fyrir niðurstöður hljóðvistarmælinga sem voru gerðar í íþróttamannvirkjum bæjarins undir lok árs 2015 þar sem mannvirkir komu almennt vel út í mælingum Vinnueftirlitsins. Í febrúar auglýsti Íþróttaráð eftir hugmyndum að nýtingu og starfsemi í Hlíðarfjalli yfir sumarmánuðina og í mars hófst undirbúningur að vinnu við úthýsingu rekstrar Hlíðarfjalls. Í mars var hafist handa við að skipta út gólfplötu í Skautahöll Akureyrar og lauk því verki í ágúst. Íþróttahús Naustaskóla var tekið í notkun fyrir íþróttakennslu skólans í ágúst.

Á haustdögum fóru framkvæmdir við nýjar rennibrautir og endurbætur í Sundlaug Akureyrar á fullt þegar niðurrif á eldri brautum hófst og hluti sundlaugarsvæðisins fór undir framkvæmdir sem standa fram á sumar 2017. Íþróttafélagið Draupnir flutti sína æfingarádstöðu inn í suðursal Íþróttahússins við Laugargötu í ágúst. Í október var lokið við að skipta um gervigras í Boganum sem nú inniheldur gúmmiinnfyllingu sem er framleidd fyrir gervigrasvelli. Á árinu voru framkvæmdir á félagssvæði Nökkva sbr. uppbyggingarsamning þess efnis. Íþróttamannvirki bæjarins eru átta íþróttahús, fjórar sundlaugar, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, knattspyrnuhöll, reidhöll, skautahöll, tvær stúkubyggingar, sjö gervigrasvelli og þrjú hjólabrettasvæði. Að auki kemur bærinn með beinum eða óbeinum hætti að rekstri knattspyrnugrasvallar, golfvallar og aksturssvæðis.

Heimsóknir og aðsókn í íþróttahús bæjarins er svipuð milli ára þar sem grunnskólar og aðildarfélag ÍBA eru áberandi í mannvirkjunum. Árið 2016 sóttu um 330 þúsund manns Íþróttahöllina og um 115.000 manns Íþróttahús Glerárskóla annars vegar og Íþróttamiðstöð Giljaskóla hins vegar. Í Íþróttahús Síðuskóla koma um 104.000 gestir árlega. Rúmlega 4.000 skráningar eru í Íþróttahúsið við Laugargötu. Talning í Hlíðarfjalli byggir á seldum einingum og sama á við um sundlaugar bæjarins að viðbættum grunnskólanemum.



### Heimsóknir í íþróttamannvirki

Mannvirki	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Hlíðarfjall	65.333	48.524	65.034	75.714	60.435	64.457
Íþróttamiðst. Hrísey	10.328	9.865	12.423	13.198	10.500	12.500
Sundlaug Akureyrar	365.364	349.614	362.536	352.401	323.292	330.000
Sundlaug Glerárskóla	82.000	74.000	62.000	60.000	58.000	58.000
Sundlaugin í Grímsey	1.408	1.231	1.960	1.466	2.200	2.000

### Helstu seldu einingar í Sundlaug Akureyrar

Einingar	2016	2015
12 mánaða kort fullorðinna	840	724
10 miða kort fullorðinna	2.188	1.841
30 miða kort fullorðinna	544	755
1 miði fullorðinna	59.376	56.439
12 mánaða kort 67 ára og eldri	443	341
1 miði 67 ára og eldri	4.193	2.958
12 mánaða kort barna	908	955
10 miða kort barna	364	359
1 miði barna	33.193	31.030
Samtals	102.049	95.402

Akureyrarbæjar sem var 782 milljónir á árinu og styrkir í formi húsaleigu til aðildarféлага ÍBA sem námu 309 milljónum króna. Lausafjárleiga og leiga til eignasjóðs var 72 milljónir á árinu.

Aðildarfélag ÍBA standa fyrir og koma að mörgum og fjölbreyttum íþróttaviðburðum á hverju ári í íþróttamannvirkjum bæjarins. Auk þess fara margvíslegir aðrir viðburðir þar fram, s.s. tónleikar, listasýningar, veislur, ráðstefnur og fundir.

Einn stærsti íþróttaviðburður ársins var á vegum Golfklúbbs Akureyrar sem stóð fyrir Íslandsmótinu í högggleik við glæsilegar aðstæður að Jaðri. Iðkendur frá SKA (4) og SA (2) kepptu undir merkjum Akureyrarbæjar á International Childrens Winter Games í Innsbruck í Austurríki í janúar. Á árinu var Fimleikafélag Akureyrar 40 ára og Akureyri handboltafélag var 10 ára.

Alls voru 7.121 iðkendur skráðir hjá aðildarfélagum ÍBA árið 2016, þar af voru 62% karlar og 38% konur. 53% voru 15 ára og yngri en 47% voru 16 ára eða eldri. Um 56% af öllum iðkendum eru skráðir í fjögur aðildarfélag ÍBA.

Í vetrarfríi skóla á Akureyri ákvað íþróttaráð að veita öllum grunn- og framhaldsskólanemendum á Akureyri frían aðgang að sundlaugum og Hlíðarfjalli í einn dag. Í maí stóð íþróttaráð, í samstarfi við aðila og félög sem vinna að heilsuefningu og íþróttum, fyrir „Akureyri á iði“ þar sem íbúum Akureyrar stóð til boða fjölbreytt hreyfing og heilsuefning öllum að kostnaðarlausu. Allur maí mánaður var lagður undir verkefnið sem tókst vel.

Framlengdir voru rekstrarsamningar við KA, Þór, GA, SA og Létti á árinu, auk rekstrarstyrktarsamnings við FIMAK. Íþróttaráð veitti rekstrarstyrki í formi eingreiðslu til þrettán aðildarféлага ÍBA árið 2016. Íþróttaráð samþykkti á árinu að veita landsliðsmönnum aðildarfélag ÍBA styrk í formi árskorts í sundlaugar Akureyrarbæjar. Íþróttaráð veitti tveimur kvendaeildum aðildarfélag ÍBA rekstrarstyrki á árinu. Alls veitti íþróttaráð styrki og framlög fyrir um 275 milljónir á árinu í formi byggingarstyrkja, ýmissa styrkja, afrekssjóðs og frístundastyrks, auk styrkja í formi húsaleigu sem taldir voru hér að framan.

Íþróttaráð og Afrekssjóður taka saman upplýsingar um fjölda Íslandsmeistara og landsliðsmanna aðildarfélag ÍBA árlega og veita viðurkenningar í samræmi við þær upplýsingar.





Ár	Íslandsmeistarar			Landsliðsmenn		
	Fjöldi	KVK	KK	Fjöldi	KVK	KK
2016	301	41%	59%	101	40%	60%
2015	270	34%	66%	102	36%	64%
2014	154	38%	62%	86	45%	55%
2013	162	33%	67%	102	38%	62%
2012	224	53%	47%	107	41%	59%
2011	162	32%	68%	96	40%	60%

#### Jafnréttismál

Í byrjun árs 2016 samþykkti bæjarstjórn nýja jafnréttisstefnu ásamt aðgerðaráætlun til þriggja ára. Þær kröfur eru gerðar til jafnréttisáætlana sveitarfélaga að í þeim komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum og að þær innihaldi framkvæmdaáætlun um hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Akureyrarbær hefur einnig skyldur samkvæmt jafnréttislögum sem vinnuveitandi og ber því að gera í jafnréttisáætlun sérstaklega grein fyrir hvernig vinna skal að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf, hvernig launajafnrétti skuli tryggt, gæta þess að störf séu opin báðum kynjum og bæði kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar, að gera ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og koma í veg fyrir kynbundna og kynferðislega áreitni.

Sérstakar kröfur eru einnig gerðar til sveitarfélagsins vegna skólustarfs og íþrótt- og tómstundastarfs og tekur jafnréttisstefnan mið af því. Allar deildir og stofnanir bæjarins skulu taka mið af jafnréttisstefnunni.

#### Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeildar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutanir, lóðaskrár, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Sýn skipulagsnefndar og meginmarkmið á kjörtímabilinu byggir á leiðarljósi gildandi Aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 og þess sem sett er fram í drögum að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, en áhersla er lögð á sátt um útfærslu samþykkttra skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórnarsýslu. Skipulagsnefnd vinnur að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margs konar atvinnustarfsemi og fjölbreyttan samgöngumáta. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en þær fara síðan til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um mannvirki nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.

Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeildar en þar starfa 8 manns. Skipulagsstjóri er jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúi,

og undir hann heyra öll byggingarmál, útgáfa byggingarleyfa og byggingareftirlit.

Skipulagsnefnd hélt 31 fund á árinu 2016 og umfjallanir voru 591 (voru 456 árið 2015). Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 46 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og voru umfjallanir 463 (410 árið 2015).

#### Helstu skipulagsverkefni lokið 2016:

- Deiliskipulag Lögmanshlíðarkirkjugarðs
- Deiliskipulag Menntaskólans á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði
- Breytingar deiliskipulags Drottningarbrautarreits
- Endurskoðun deiliskipulags Hofsbótar/Torfunefsbryggju (miðbæjarskipulag)

#### Skipulagsverkefni í vinnslu 2016:

- Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030
- Rammahluti aðalskipulags Oddeyrar
- Deiliskipulag Hvannavallareits
- Deiliskipulag Melgerðisáss
- Deiliskipulag Hrísey hafnarsvæði

#### Samkvæmt stefnu skipulagsnefndar er lögð áhersla á neðangreind verkefni á kjörtímabilinu:

- Gerð nýs aðalskipulags Akureyrar
- Þétting byggðar
- Áhersla á uppbyggingu miðbæjarins
- Heildarskipulag Oddeyrar og áframhaldandi deiliskipulagning hverfa bæjarins
- Tenging göngustígakerfis við þéttbýliskjarna í nágrennasveitarfélögum og við fólkvanginn á Glerárdal
- Endurskoðun á reglum um lóðaveitingar
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Endurskoðun á gjaldskrá afgreiðslu- og þjónustugjalda
- Raforkuflutningur þvert yfir Eyjafjörð taki tillit til flugöryggis, íbúabyggðar og fólkvangs á Glerárdal
- Verklagsreglur um stöðuleyfi fyrir gáma
- Verklagsreglur um lokanir gatna

#### Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar:

- Skipagata, bílastæði o.fl.
- Akureyrarvöllur, íþróttavöllur
- Hvannavallareitur
- Furuvellir, endurnýting verslunar- og þjónustusvæðis
- Hjalteyrargata-Laufásgata endurnýting athafnasvæðis
- Svæði ofan Glerártorgs, opið svæði, ódeiliskipulagt
- Klettaborg ofan Glerártorgs og sunnan Háskólasvæðis, opið svæði, ódeiliskipulagt
- Hrafnagilstræti/Byggðavegur/Dingvallastræti, hluti tjaldsvæðis, ódeiliskipulagt
- Svæði Dalsbraut/Hamragerði, opið svæði meðfram Dalsbraut
- Svæði Dalsbraut/Stóragerði, opið svæði meðfram Dalsbraut
- Kotárborgir milli HA og Pálmholts, opið svæði, ódeiliskipulagt
- KA-svæði æfingavöllur, ódeiliskipulagt
- Naust 3 áður safnasvæði, að mestu óbyggt, ódeiliskipulagt
- Krossanesbraut, opið svæði að mestu óbyggt, ódeiliskipulagt
- Melgerðisás/Þórsvæði æfingavöllur o.fl., ódeiliskipulagt
- Vestursíða lítill svæði dreifð, ódeiliskipulagt



Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefnið „þétting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Tryggja skal nægilegt framboð lóða á hverjum tíma og staðan um áramót var þannig að til voru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Viðræður hafa staðið yfir milli Landsnets hf. og Akureyrarkaupstaðar um strengjaleið gegnum land Akureyrar til uppbyggingar á raforkuflutningskerfi landsins. Skipulagsnefnd hefur lagt áherslu á að áframtingingin frá Rangárvöllum að sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar verði lögð í jörðu.

## Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2016

### Lausar íbúðarlóðir

Um það bil 37 einbýlishúsalóðir voru í auglýsingu um áramót, þar af sjö í Hrísey. Sjö einbýlishúsalóðar teljast byggingarhæfar en eru ekki í auglýsingu og 13 einbýlishúsalóðir hafa verið skipulagðar í Hagahverfi og munu koma á markaðinn á næstunni.

Þrjár raðhúsalóðir voru í auglýsingu um áramót og teljast byggingarhæfar, tvær teljast byggingarhæfar en eru ekki í auglýsingu og 15-20 raðhúsalóðir koma á markaðinn á næstu árum með tilkomu Hagahverfis.

Fjórar fjölbýlishúsalóðir voru í auglýsingu um áramótin, ein telst byggingarhæf en hefur ekki verið auglýst en töluverður fjöldi er í næstu áföngum Hagahverfis eða milli 15-23 lóðir.

Fimmtán atvinnuhúsalóðir voru í auglýsingu um áramót sem voru byggingarhæfar, fimm til viðbótar með fyrirvara um byggingarhæfi og fimmtán eru til skipulagðar en hafa hvorki verið auglýstar né gerðar byggingarhæfar.

Sautján lóðir undir sumarhúsum voru í auglýsingu í Hrísey.

Engin lóð er laus til úthlutunar í Grímsey enda er þar ekkert deiliskipulag í gildi.

### Íbúðarhús\*

Hafin var smíði 104 íbúða (79). Þar af voru einbýlishús 1 (1), 1 raðhús með 10 (3) íbúðum og 5 fjölbýlishús með 93 (75) íbúðum.


Skráðar voru fullgerðar 211 (116) íbúðir á árinu, þ.e. 2 (3) einbýlishús, 8 (27) íbúðir í raðhúsum og 201 (86) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fokheld og lengra komin í byggingu 88 (83) einbýlishús, 64 (72) íbúðir í raðhúsum og 172 (240) íbúðir í fjölbýlishúsum. Skemmra á veg komin en fokheld voru í byggingu 4 (10) einbýlishús, 15 (5) íbúðir í raðhúsum og 196 (236) íbúðir í fjölbýlishúsum.


Hafnar framkvæmdir við íbúðabyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl. námu 13.360 m<sup>2</sup> (5.896) og 41.566 m<sup>3</sup> (18.906).

\*Tölur í svigum eru frá árinu á undan.

Íbúðabyggingar eftir byggingarstigi



Íbúðabyggingar, byrjanir eftir húsaagerð



Tegund	m <sup>2</sup>	m <sup>3</sup>
L- Landbúnaður	0	0
FI- Fiskiðnaður	0	0
VG- Vörugeymslur/geymar	0	0
IB- Vinnsla búsafurða	0	0
I- Iðnaður	1.893	10.826
V- Verslun	0	0
GV- Veitinga- og gistihús	0	0
VI- Verslun/iðnaður	0	0
VS- Verslun/skrifstofur	114	615
S- Skrifstofuhúsnæði	297	1.061
ORL- Frístundahús	979	3.626
Ö- Önnur þjónustustarfsemi	14	40
FS- Félagsleg starfsemi	0	0
O- Opinber starfsemi	546	2.616
<b>Samtals</b>	<b>3.843</b>	<b>18.784</b>
Tölur frá síðasta ári	(4.695)	(25.944)

### Annað húsnæði

Hafnar framkvæmdir á árinu: Níu frístundahús við Holtaland; Tryggvabraut 12, viðbygging; Glerárgata 32, viðbygging; Eyrarlandstún SAK, viðbygging; Goðanes 16, geymsluhúsnæði; 4 spennistöðvar Norðurorku.

Auk þessa hafa verið hafnar framkvæmdir við ýmsar smærri viðbyggingar og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Tekið í notkun eða fullgert á árinu: Fimm frístundahús við Hrafnaland; tvö frístundahús við Götu sólarinnar; Grímseyjargata 3, viðbygging; Hvannavellir 12, viðbygging; Fiskitangi 4, viðbygging; Njarðarnes 3-7, viðbygging; Jaðar, æfingahús; Fjölnisgata 6b, viðbygging.

Önnur hús í byggingu á árinu: Austurvegur 45, viðbygging frístundahús; Austurvegur 46, frístundahús; Fjölnisgata 1a; Gleráreyrar 1, Glerártorg; Hólmatún 2, viðbygging skóli; Kaupvangsstræti 1, kvistir; Norðurtangi 5, breyting á iðnaðarhúsi.

### Skóladeild

Einkunnarorð skóladeildar eru: „Í hverju barni býr fjársjóður.“ Skólarnir eru samfélög þar sem börn eru í fyrirrími og allt starf innan þeirra byggir á því að hver einasti nemandi skipti máli og honum þurfi að mæta á hans eigin forsendum eins og kostur er. Skóladeild er stjórnendum og skólasamfélaginu til stuðnings í hverjum þeim verkefnum sem skólarnir sinna eða taka sér fyrir hendur. Starfsfólk skóladeildar leggur metnað sinn í að vinna faglega, styðja við skólaþróun og hvetur til faglegra vinnubragða á öllum sviðum skólastarfs.

### Skólahúsnæði

Skólabyggingar eiga að nýtast sem best í þágu samfélagsins og oft eru þær nýttar fyrir annað en hefðbundið skólastarf, s.s. í tengslum við íþróttamót, fundarhöld og fleira. Leitast er við að fara vel með fjármagn og skapa sem besta aðstöðu fyrir börn og starfsfólk í skólunum. Þörf fyrir skólabyggingar fylgir þróun nemendafjölda hverju sinni.

Leikskólanum Sannubóli var lokað um mitt ár 2016. Jafnframt var tekin ákvörðun á árinu um að loka leikskólanum Hlíðabóli um mitt ár 2017. Áætlanir gera ráð fyrir leikskólastarfsemi á Glerárskólalöð fyrir 140-150 börn, að nýtt húsnæði verði tilbúið haustið 2020 og samhliða því verði starfsemi Pálmholts flutt þangað.

Skólabyggingar kalla á stöðugt viðhald og mikilvægt er að viðhaldsþörf þeirra sé metin reglulega og brugðist við.

### Kynjasamþætting og kynjuð fjárhagsáætlanagerð

Akureyrarbær lagði á árinu 2015 upp í vegferð til að skoða kynjasamþættingu og kynjaða fjárhagsáætlanagerð. Hverri deild var falið að skoða stöðuna. Á skóladeild var byrjað á að taka saman tölur um kynjaskiptingu innan skólakerfisins.





Haustið 2016 var kynjaskipting starfsmanna í skólakerfinu með eftirfarandi hætti:					
Deildir	Fjöldi			Hlutfall í %	
	Karlar	Konur	Samt.	Karlar	Konur
Skrifstofa skóladeildar	2	8	10	20,0	80,0
Leikskólar	10	235	245	4,1	95,9
Grunnskólar	91	394	485	18,8	81,2
Tónlistarskólinn	21	15	36	58,3	41,7
Samtals fræðslumál	124	652	776	16,0	84,0

Engum dylst að mikill skortur er á karlkennum í leik- og grunnskólum. Vegna kynjahalla var tekin ákvörðun um að þegar auglýst er eftir starfsfólki í leik- og grunnskólum eru karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um.

### Lærdómssamfélagið

Lærdómssamfélagið er samstarfsvettvangur leik- og grunnskólastjórnaenda við Eyjafjörð og Háskólans á Akureyri og hefur það starf varað síðustu misseri. Vinna innan lærdómssamfélagsins árið 2016 byggðist að verulegu leyti á áherslum í læsiskennslu. Gert er ráð fyrir að ný læsisstefna líti dagsins ljós á árinu 2017.

Haustið 2016 var lögð áhersla á fræðslu til skólastjórnaenda um móttöku nýnema og nýrra starfsmanna í skólum.

### Grunnskólastarfið

Akureyrarbær státar af níu almennum grunnskólum, sjö á Akureyri, einum í Hrísey og öðrum í Grímsey. Auk þess er rekinn einn sérskóli.

Skólarnir sinna metnaðarfullu og fjölbreyttu starfi og leggja sig fram um að sinna öflugri skólaþróun. Mikið samstarf er á milli skólanna og hittast stjórnendur þeirra reglulega og miðla hverjir til annarra. Hver skóli hefur skapað sér sína sérstöðu með skólastefnu og áherslum í skólastarfinu.

Á Akureyri er skólaval svo framarlega að því sé við komið. Þróun nemendafjölda í hverfum er mismunandi og til þess þurfa skólarnir að taka tillit.

### Leikskólastarfið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Hver leikskóli er með skólanámskrá og setur sér stefnu og áherslur og markmið með leikskólastarfinu. Einnig leggur hver skóli fram starfsáætlun og metur innra starfið.

Í október voru alls starfandi 10 leikskólar á Akureyri. Bærinn rekur átta af þessum skólum og leikskóladeildina í Hrísey. Tveir leikskólar eru einkareknir. Leikskólinn Sannuból hætti starfsemi sinni um mitt ár 2016.

Í október 2016 voru um 98,18% barna á Akureyri á aldrinum 2–5 ára, fædd 2010-2014, í leikskóla. Þá voru einnig um 26,9% barna fædd 2015 í leikskóla, þetta eru börn sem fædd eru í janúar til mars 2015. Í október voru alls 1.019 börn í leikskólunum, 524 drengir eða 51% af heildinni og 495 stúlkur eða 49% af heildinni. Vistunartímar barnanna skiptast þannig að 948 börn voru í 7-8,5 tíma vistun og 74 börn í 4-6,5 tíma vistun. Tívtýngd börn í leikskólunum voru alls 80 í október og eru þau frá 24 þjóðlöndum.

Heildarstöðugildin í leikskólunum í október voru 239,11 og alls störfuðu þá 285 starfsmenn í leikskólunum, 274 konur eða 96% af heildinni og 11 karlmenn sem er 4% af heildinni. Hlutfall fagmenntunar af heildarstöðugildum var 68,81% og hlutfall fagmenntunar í deildarstarfi var 87,09%.

### Hljöðvistarmælingar

Í lok árs 2015 hófu skóladeild og leikskólarnir Krógaból, Lundarsel og Naustatjörn samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Vinnueftirlitið, Heilbrigðiseftirlitið og framkvæmdadeild Akureyrarbæjar um tilraunaverkefni um hljöldvist í leikskólum.

Markmið verkefnisins var að kortleggja hávaða í leikskólum og finna út hvar, frá hverju/hverjum hann stafar, hvenær hann á sér stað og hvernig. Út frá þessum upplýsingum verða fundnar leiðir til að draga úr hávaðanum, svo sem með umbótum á húsnæði, húsbúnaði, leikföngum/leiktækjum, fræðslu til starfsmanna og

endurskoðun á starfsháttum. Meginvinnan við þetta verkefni fór fram árið 2016 en lokaskýrsla verður gefin út árið 2017.

### Dagforeldrar

Dagforeldrar á Akureyri í lok árs 2016 voru 26, þar af 24 konur og 2 karlar. Alls dvöldu 123 börn hjá dagforeldrum í lok árs 2016. Akureyrarbær greiddi niður daggæslu fyrir 122 börn og þar af voru 111 börn giftra foreldra og foreldra í sambúð og 11 börn einstæðra foreldra. Niðurgreitt var fyrir þrjú börn þar sem báðir foreldrar voru í námi og eitt barn var ekki skráð með lögheimili í bæjarfélaginu og fékk því ekki niðurgreiðslu frá Akureyrarbæ.

Á árinu 2016 var ekkert nýtt leyfi veitt til daggæslu barna í heimahúsi en tveir dagforeldrar komu aftur til starfa haustið 2016 eftir fæðingarorlof og eitt dagforeldri byrjaði í upphafi ársins eftir nokkurt hlé. Þá létu tveir dagforeldrar af störfum og eitt dagforeldri fór í leyfi.

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 28. október og nýttu 25 dagforeldrar sér fræðsluna en í boði var eldvarnanámskeið og endurmenntun í skyndihjálp. Námskeiðsdagur er haldinn árlega og er skipulagður af fulltrúa skóladeildar og fulltrúum dagforeldra.

### Styrkir

Skólaþróun er mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi. Skólarnir eru duglegir að sækja um þá styrki sem í boði eru til þróunar á fjölbreyttum sviðum skólastarfsins. Á árinu 2016 fengu margir skólar Akureyrarbæjar styrki fyrir fjölbreytt þróunarverkefni í gegnum Sprotasjóð, Skema, Nordplus, Erasmus+ og fleiri. Mikil vinna felst í að gera umsóknir um styrki og eiga bæði kennarar og stjórnendur þakkir skildar fyrir frumkvæði í þágu skólanna um að sækja auknið fjármagn í þágu skólastarfsins.

### Nemendur með íslensku sem sitt annað tungumál

Á hverju ári taka leik- og grunnskólar bæjarins á móti nemendum sem hafa íslensku sem sitt annað mál. Það eru bæði erlendir nemendur, nemendur sem eiga annað foreldri sitt erlent eða íslensk börn sem hafa búið erlendis meiri hluta ævi sinnar.

Stór og góður hópur erlendra barna bættist í leik- og grunnskólana þegar fjórar fjölskyldur frá Sílandi komu til bæjarins þann 19. janúar 2016. Ákveðið var að kenna öllum höpunum á sama stað fyrstu vikurnar og styrkja þannig tengsl hópsins innbyrðis og skapa sameiginlega upplifun fjölskyldnanna á fyrstu skrefum í íslenskunáminu – framandi tungumáli í framandi landi og aðstæðum.

Þessar vikur voru krefjandi og skemmtilegar, líklega bæði fyrir nemendur og kennara. Allir voru áhugasamir og lögðu sig fram við það spennandi verkefni að læra íslensku, sem oft gat tekið á þolinmæðina. Margir lögðu okkur lið og áttu stóran þátt í að skapa góða umgjörð um móttöku hópsins. Náin samvinna var við Kristínu Sóleyju Sigursveinsdóttur verkefnastjóra, Ahmed Essabiani tulk, sem var ómetanlegur stuðningur, starfsfólk Rauða krossins sem útvegaði ýmsan húsbúnað og starfsfólk Glerárskóla sem var boðið og búið til að aðstoða en hópurinn var þar fyrstu vikurnar. Kennt var í tveimur opnum kennslustofum, þar sem kennari frá Símei kenndi þeim fullorðnu í öðrum endanum en í hinum voru kennarar frá Akureyrarbæ með barnahópin. Allir áttu svo saman kaffitíma þar sem gott var að fá kaffisopa eða mjólk og slaka svolítið á.

Eftir um tvær og hálfu viku var allur hópurinn tilbúinn til að taka næsta skref og þá fóru börnin í leik-, grunn- og framhaldsskóla og fullorðna fólkið í Símei.

Síðasta daginn í Glerárskóla kom heimsókn frá fulltrúum kennara við HA sem gáfu öllum börnum bækur og fyrirtæki í bænum gáfu fjölskyldum gjafabréf upp á iPad tölvur.

Ghassoub Abed kom og sagði frá menningu og síðum Austurlanda og var almenn ánægja með það. Íslenskunám barnanna hélt áfram í leik- og grunnskólum og má með sanni segja að þessi hópur hafi staðið sig vel, auðgað skólastarf og auknið okkur viðsýni og skilning á aðstæðum sem eru okkur algjörlega framandi.

### Tónlistarskólinn

Árið 2016 héldu nemendur og kennarar Tónlistarskólans á Akureyri upp á 70 ára afmæli skólans. Kennsla fór vel af stað í janúar með foreldraviku og leiðsagnarmati og þann 18. janúar voru haldnir sérstakir viðhafnartónleikar fyrir fullu húsi að Hömrum í tilefni af afmæli skólans þar sem fyrirverandi og núverandi nemendur og kennarar sáu um tónlistarflutninginn. Á tónleikunum færdi þeir Daníel Þorsteinsson og Hjörleifur Hjartarson skólanum lagið „Tónanna mál“ í afmælisgjöf sem flytjendur og gestir tónleikanna fluttu saman í Hömrum. Soffía Vagnsdóttir fræðslustjóri







Akureyrarbæjar færði skólanum tvær vatnslitamyndir eftir Kristinn G. Jóhannsson að gjöf í tilefni af stórafmælinu og tónleikagestum var boðið í móttöku í Hamragili að tónleikum loknum.

Síðari afmælistónleikar ársins voru haldnir í Hamraborg á degi tónlistarskólanna þann 20. febrúar þar sem um sjö hundruð áhorfendur nutu stórtónleika þar sem hljómsveitin 200.000 Naglbítar kom fram ásamt á fjórða hundrad nemenda skólans. Þar lék hópurinn undir stjórn Daniels Þorsteinssonar sem hafði af þessu tilefni gert útsetningar á lögum hljómsveitarinnar sem og öðrum íslenskum dægurperlum. Um fimm hundruð manns sátu í Hamraborg og var tónleikum sjónvarpað á skjáinn í Hömrum. Sérstakur gestur á tónleikum var Helena Eyjólfsdóttir söngkona.

Þann 9. mars voru að venju haldnir Þorgerðartónleikar í Hömrum og þann 11. mars voru svæðistónleikar tónlistarkeppninnar Nótunnar haldnir í boði Tónlistarskólans í Hamraborg. Á tónleikum komust tveir fulltrúar skólans áfram, þeir Birkir Blær Óðinsson og Gísli Rúnar Víðisson sem síðan léku á lokahátíðinni í Hörpu og hlutu báðir viðurkenningar fyrir sinn flutning. Birkir fékk Nótu fyrir flutning sinn á laginu „I see fire“ eftir Ed Sheeran og Gísli Rúnar fékk Pavarotti verðlaun ítalska sendiráðsins. Þann 13. mars voru haldnir þrennir hátíðartónleikar í Hörpu í tilefni af 30 ára afmæli Suzukisambandsins og þrátt fyrir slæma veðurspá léku nokkrir nemendur skólans þar og voru bænum sínum til mikils sóma.

Kennarar skólans heimsóttu alla grunn-, leik- og framhaldsskóla bæjarins þeim að kostnaðarlausu í tilefni af afmælisárinu og léku bæði nemendur og kennarar skólans fjölbreytta efnisskrá hljómsveitar- og einleiksverka fyrir viðstadda. Á vordögum hélt Stórsveit Tónlistarskólans síðan til Reykjavíkur og tók þátt í vel heppnuðu stórsveitamóti í Reykjavík undir stjórn Gert Ott Kuldperg. Grunnsveit blásara hélt einnig suður sömu helgi og tók þátt í frábæru landsmóti A og B skólahljómsveita í Garðabæ undir stjórn Ellu Völu Ármannsdóttur. Þann 6. maí tók Tónlistarskólinn þátt í beinni útsendingu Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Eldfuglinum en um tvö hundruð nemendur í 4. bekk grunnskóla bæjarins hlýddu á verkið í Hömrum. Nokkrir nemendur Tónlistarskólans tóku að venju virkan þátt í tónleikahaldi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sem var óvenju öflugt þetta árið. Einnig tóku nemendur þátt í uppfærslu LA og SN á Pílu Pínu og stóðu sig frábærlega. Deildirnar héldu sína hefðbundnu vortónleika ásamt framhaldsprófstónleikum útskriftarnemanna þriggja sem léku fyrir fulla Hamraborg á skólaslitum þann 2. júní.

Nemendur í Tónlistarskólanum voru 392 í byrjun skólaárs í ágúst, 348 á áfangabraut og 44 í forskóla. Komust töluvert færri að en vildu sökum hagræðingar í rekstri í haustbyrjun en umsóknir voru 516 og lentu 124 nemendur á biðlista. Ýmsir skemmtilegir viðburðir lituðu fyrir hluta skólaársins og má þar nefna píanó-masterclass Kristínar Jónínu Taylor og Brian Stanely sem starfa við Waldorf University í Bandaríkjunum, heimsókn tékkneska strengjakvartettsins Pikap, flautudaginn þann 6. nóvember þegar flautunemendur af Norðurlandi öllu hittust og léku saman óperuna „Hvar er Mozart?“ undir stjórn Ívars Helgasonar. Listamaðurinn KK heimsótti svo nemendur ritmísku deildarinnar, hélt þeim hugföngnum með spjalli

um líf sitt og list og stýrði hópavinnu sem lauk með sameiginlegum tónleikum nemenda. Í lok afmælisársins ræðst skólinn í prentun á veggspjöldum með ljósmyndum úr sögu skólans sem eru til sýnis á þriðju hæð Hofs og í desember héldu allar deildir sína hefðbundnu jólatónleika og jólaböll. Viðburðir á vegum tónlistarskólans á árinu 2016 voru að venju um 80 viðs vegar um bæinn.

#### Rekstur

Rekstur fræðslu- og uppeldismála fór um 0,3% fram úr endurskoðaðri áætlun ársins 2016 eða um 20,3 milljónir króna. Sameiginlegur kostnaður var um 1,5% innan áætlunar eða um 1,7 milljónir króna og þá var rekstur leikskóla og dagvistunar um 11,8 milljónir umfram áætlun eða um 0,6%. Rekstur grunnskóla var um 7,9 milljónir umfram áætlun eða um 0,2% og rekstur Tónlistarskólans var um 1,7% innan áætlunar eða um 1,9 milljón króna. Styrkir o.fl. fóru um 5,6 milljónum fram úr áætlun sem skýrist af greiðslum vegna námsgagnasjóds, endurmenntunarsjóds grunnskóla og vegna bráðavanda tónlistarskóla, sem dregnar eru frá framlögum bæjarins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Helstu skýringar á neikvæðri stöðu leikskóla og dagvistunar liggja í aukinni sérkennsluþörf, langtírmaveikindum og samkomulagi um lokun Hlíðarþóls. Hjá grunnskólunum liggur stærsta skýringin í að ekki var gerður viðauki vegna rangrar launasetningar stjórnenda í launaáætlun.

#### Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 1. október ár hvert

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Leik-skólar	1.046	1.084	1.096	1.105	1.091	1.106	1.106	1.019
Grunn-skólar	2.593	2.599	2.610	2.624	2.635	2.583	2.615	2.672
Heildar-fjöldi	3.639	3.683	3.706	3.729	3.726	3.689	3.721	3.691

#### Ytra mat skóla

Ytra mat á skólastarfi er skólunum mikilvægt tæki til almennra umbóta. Tveir grunnskólar fengu ytra mat frá mennta- og menningarmálaráðuneyti á árinu 2016, Brekkuskóli og Oddeyrarskóli. Skólarinn gera umbótaáætlanir í kjölfar úttektar.

## Rekstrarupplýsingar grunnskóla úr Skólavoginni fyrir Akureyrarbæ árið 2015

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)	Landið	Akureyri
Fjöldi nem. á hvern starfsm. við kennslu	10,0	10,7
Fjöldi nem. á hvern kennara	12,5	13,4
Fjöldi nem. á hverja stjórnunarstöðu	110,3	138,0
Fjöldi nem. á hvern almennan starfsmann.	27,5	28,1
Hlutfall starfsm. við kennslu með réttindi	96,1%	99,6%
Hlutfall nemenda m.v. íbúafjölda	13,1%	14,3%
Árlegur launakostnaður á hvern nem.	1.067	997
Annar árlegur kostnaður á hvern nem.	546	458
Árlegar sértekjur skólans á hvern nem.	78	104
Árlegur kostnaður (nettó) á hvern nem.	1.188	1.033
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nem.	1.267	1.136
Meðalárslaun starfsm.	7.109	7.109
Kostnaðarhlutf. grunnsk. af heildarútgj. sveitarfél.*	23,3	21,5
Kostnaðarhlutf. grunnsk. m.v. skatttekj. sveitarfél.*	23,2	21,3
Innri húsaleiga á hvern nemanda.	327	319

## Rekstrarupplýsingar leikskóla úr Skólavoginni fyrir Akureyrarbæ fyrir árið 2015

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)	Landið	Akureyri
Fjöldi barna á hvert stöðug. við uppe.- og mennt.störf við kennslu	4,1	4,0
Fjöldi barna á hvert stöðug. leikskólakennara	15,1	7,5
Fjöldi barna á hvert stöðug. uppe.menntaðs starfsfólks	8,5	5,9
Fjöldi barna á hvert stöðug. við almenn störf	53,7	53,9
Fjöldi barna á hvert stöðug. við leikskólann í heild	3,8	3,7
Hlutf. starfsfólks v. uppe.- og mennt.störf sem eru leikskólak.	33,7%	55,9%
Hlutf. starfsfólks við uppe.- og mennt.störf með aðra uppe.m.	18,3%	13,7%
Hlutf. starfsfólks við uppe.- og mennt.störf án uppe.mennt.	48,0%	30,4%
Meðalstærð leiksk. í sveitarfél. (fj. heilsdagsígilda barna)	89,9	89,2
Fjöldi leikskólak. (heilsd.ígildi) í sveitarfél.m.v. íbfj.)	20,1	20,3
Árlegur launakostnaður á hvert barn	1.583 þ.kr.	1.469 þ.kr.
Annar árlegur kostnaður á hvert barn	446 þ.kr.	413 þ.kr.
Innri leiga á hvert barn	208 þ.kr.	162 þ.kr.
Árlegar tekjur leikskólans á hvert barn	316 þ.kr.	403 þ.kr.
Árlegur kostnaður (nettó) á hvert barn	1.513 þ.kr.	1.316 þ.kr.
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvert barn	1.829 þ.kr.	1.719 þ.kr.
Meðalárslaun á starfsfólk í leikskólum	5,880 þ.kr.	5,357 þ.kr.
Kostnaðarhlutfall leikskóla af heildarútgjöldum sveitarfél.	11,6%	9,4%
Kostnaðarhlutfall m.v. skatttekjur sveitarfélags	11,8%	9,3%

## Starfsmannabjónusta

Hlutverk starfsmannabjónustu er m.a. að sjá um launavinnslu hjá Akureyrarbæ, hafa umsjón með mannauðsstefnu Akureyrarbæjar, miðlægri fræðslu, stjórnendafraeðslu, túlkun kjarasamninga og kjarabróun. Deildin sinnir upplýsingagjöf og veitir starfsmönnum og stjórnendum leiðsögn í samræmi við gildandi kjarasamninga, lög, samþykktir, reglur og stefnur sveitarfélagsins. Þá hefur deildin umsjón með starfsmannahandbók, stjórnendahandbók Akureyrarbæjar og starfsmannavefnum, sér um rekstur á og stýrir


notkun á SAP launa- og mannaúskerfi, umsóknarvef bæjarins ásamt þeim viðverkerfum sem eru í notkun.

## Launavinnsla

Fjöldi launþega hjá Akureyrarbæ á árinu 2016 var 3.187, 1.051 launþegar voru karlar og 2.136 konur. Mynd eitt sýnir að hlutfall karla var 33% og hlutfall kvenna 67%. Fjöldi stöðugilda á árinu 2016 voru 1.497, á mynd tvö má sjá hlutfall kynja eftir stöðugildum.

Mynd 1


Hlutfall launþega e. kyni 2016



■ Karlar ■ Konur

Mynd 2

Hlutfall stöðugilda e. kyni 2016



■ Karlar ■ Konur

Á árinu var lögð áhersla á gæðamál og stofnað var gæðaráð launavinnslu um mitt ár. Hlutverk gæðaráðsins er að innleiða mikilvægustu þætti gæðastjórnunar í starfi starfsmannabjónustunnar. Helstu verkefni ráðsins eru að innleiða gæðafærla og atriði sem varða gæðamál, skráningar, hönnun ferla og gæðaskjala og að starfsmenn vinni eftir þeim gæðakröfum sem hafa verið samþykktar og innleiddar. Í gæðaráði sitja fulltrúar yfirmanna starfsmannabjónustu, verkefnastjóra og launafulltrúa til að ná breiðum grunni fagþekkingar og reynslu.

Einnig voru fyrstu skrefin tekin við straumlinustjórnun (e. Lean management) eftir að verkefnastjóri starfsmannabjónustu sóttu námskeið í faginu.

## Endurskoðun mannauðsstefnu

Mannauðsstefna Akureyrarbæjar var endurskoðuð og samþykkt á árinu 2016. Tólf manna starfshópur var skipaður til að vinna endurskoðunina og hóf hann störf upp úr miðjum febrúar. Í lok apríl voru drög tilbúin og lögð fyrir til umsagnar. Þeir sem gátu komið með ábendingar og gert athugasemdir voru starfsmenn Akureyrarbæjar, stéttarfélag og trúnaðarmenn og fagnefndir Akureyrarbæjar. Í lok maí voru umsagnir teknar saman og yfirfarnar, um miðjan júlí var síðasta yfirferð starfshópsins og þann 6. september var endurskoðuð stefna samþykkt í bæjarstjórn.

Helstu breytingar samþykkrar stefnu fólst í því að velferðarstefna var sameinuð mannauðsstefnunni, bjónustustefna var sameinuð mannauðsstefnunni, endurröðun og einföldun kafla, breytt orðalag, reglur starfsmanna teknar út og tiltekið hvaða aðferðir yrðu notaðar til að fylgjast með leiðum að markmiðum.

## Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var gerð í lok árs 2016. Könnunin var send út til allra starfsmanna sem eru fastráðnir í 30% eða meira starfshlutfalli og var áhersla könnunarinnar á heilsu og vellíðan á vinnustað sem er liður í þríværkerfinu, þ.e. að hafa árlegar kannanir um afmarkaðra efni hverju sinni.


Mikilvægi kannana felst í greiningu niðurstaðna og verður unnið að úrvinnslu þeirra og miðlun á fyrri hluta ársins 2017. Aðgerðir vegna einstakra þátta verða síðan útfærðar í samræmi við aðstæður og í samvinnu við og innan svída.

Mynd 3 sýnir þróun svarhlutfalls frá því að starfsmannakönnun var fyrst gerð árið 2010. Svarhlutfall í könnunum síðustu ár hefur verið þokkalegt og hlutfall svarenda hefur farið hækkandi frá því árið 2013. Þrátt fyrir að hækkan á milli ára 2015 og 2016 sé einungis 0,9% þá er rétt um eða yfir 70% svarhlutfall með ágætum. Nauðsynlegt er að hafa gott svarhlutfall í könnunum svo að svarendur spegli sem stærstan hóp starfsmanna og hægt sé að grípa til réttra aðgerða hverju sinni.






Mynd 3: Þróun svarhlutfalls 2010-2016



Niðurstöður sýna að starfsánægja hefur minnkað lítillega eða um tæp 3% frá árinu 2015. Könnunin 2016 sýndi að 80% starfsmanna eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni um að vera ánægð/ur í starfi sínu en þeir voru tæp 83% árið 2015. Mynd 4 sýnir nánari skiptingu svara innan hvors árs. Líkt og áður segir fer úrvinnsla niðurstaðna fram á árinu 2017 og gripið verður til vídeigandi aðgerða vegna einstakra þátta gerist þess þörf.


Mynd 4: Ánægja í starfi árin 2015 og 2016




### Starfsauglýsingar og umsóknir

Heildarfjöldi birtra auglýsinga var 258. Mynd 5 sýnir hvernig sá fjöldi dreifist eftir mánuðum og að flestar birtar auglýsingar eru í maí. Lítil breyting hefur orðið í fjölda þeirra frá fyrra ári, þ.e. einungis fækkun um sjö. Mynd 6 sýnir heildarfjölda auglýsinga árin 2009, 2012, 2015 og 2016.

Mynd 5: Birtar auglýsingar 2016




Mynd 6: Heildarfjöldi auglýstra starfa




Heildarfjöldi umsókna á árinu 2016 var 5.440. Mynd 7 sýnir fjölda umsókna eftir mánuði árið 2016. Þá sýnir mynd 8 að konur voru meirihluti umsækjenda um störf eða 69,8% og karlar 30,2%.



Mynd 7: Fjöldi umsókna á mánuði árið 2016



Mynd 8: Fjöldi umsókna eftir kyni 2016




### Starfsmannaférlis og verklag í mannaúðsmálum

Á árinu 2016 var unnið að endurskoðun og uppfærslu vinnulags í mannaúðsmálum í samræmi við skilgreint starfsmannaférlis, tilgreindar kröfur til stjórnenda þar innan og mannaúðs stefnu bæjarins. Sett var upp verklag, leiðbeiningar og eyðublað fyrir hvern feril innan starfsmannaférlis og þau sett fram sem gæðaskjöl í stjórnendahandbók.

Í byrjun september var búið að vinna allt efni með þeim hætti að hægt var að birta öll tilheyrandi skjöl. Mikil áhersla er síðan lögð á skilning þeirrar hugmyndað að allir ferlar, leiðbeiningar og eyðublað eru í stöðugri endurskoðun og því er um að ræða útgáfur sem eru í gildi hverju sinni sem gerir það að verkum að skjölin eru lifandi og geta verið orðin úrelt ef notast er við útprentuð eða niðurrhöluð/vistuð eintök.

Mynd 9: Fjöldi starfsmanna innan viðverkerfa eftir deildum



### Upplýsingamiðlar

Starfsmannþjónusta heldur úti og hefur umsjón með stjórnendahandbók, starfsmannahandbók og vefnum [eg.akureyri.is](http://eg.akureyri.is). Líkt og önnur ár er efni uppfært og breytt eftir þörfum hverju sinni. Árið 2016 var farið í gagngera yfirferð og uppfærslu á skjölum og efni starfsmannþjónustunnar.

### Viðverkerfi


Innleiðing á rafræna vakt- og viðverkerfinu Vinnustund hélt áfram á árinu 2016. Í byrjun árs 2016 voru þrjú kerfi í notkun þ.e. Vinnustund, Mytimeplan og Bakvörður. Um mitt ár 2016 fór síðasti vinnustaðurinn með Mytimeplan yfir í Vinnustund og kerfið hætti í notkun hjá Akureyrarbæ. Mynd 9 sýnir fjölda starfsmanna innan deilda eftir viðverkerfi og þann fjölda sem er utan kerfis.

Líkt og sjá má þá notar hluti starfsmanna ekki viðverkerfi, þ.e. er utan kerfis (rautt), og hluti þeirra notar enn viðverkerfið Bakvörð (gult).

Mynd 10 sýnir hlutfall starfsmanna innan hvers viðverkerfis. Þá

sést að 35% starfsmanna á eftir að innleiða í Vinnustund. Árið 2016 var lögð áhersla á að ljúka innleiðingu á Vinnustund í alla grunnskóla bæjarins og er skólaárið 2016/2017 fyrsta skólaárið þar sem allir grunnskólar eru með Vinnustund. Með innleiðingu á kerfinu fara allir starfsmenn í viðveruskráningu, og geta m.a. fengið yfirsýn yfir vinnuskyldu sína og viðveru.

Mynd 10: Hlutfall starfsmanna e. viðverkerfum 2016



Í lok árs 2016 fóru fyrstu leikskólar bæjarins í Vinnustund og munu allir leikskólar vera komnir inn í kerfið fyrir sumarið 2017. Lok innleiðingar á Vinnustund hefur seinkað en áætlað er að innleiðingunni verði lokið haustið 2017 og þá verði allt starfsfólk bæjarins komið í vakt- og viðveruskráningu í Vinnustund og önnur kerfi verði lögð af.

### Fræðsla

Haldið var 51 námskeið á árinu 2016, þ.e. á vegum miðlægrar fræðslu og sýnir taflan að neðan fjölda á póstlista, heildarfjölda þátttakenda og fjölda/hlutfall þátttakenda eftir kyni.





Árið 2016	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Póstlistinn fræðsla	209	74%	72	26%	281	100%
Forstöðumenn (ráðnir stjórnendur)	54	69%	24	31%	78	100%
Þátttakendur í stjórnendafræðslu	538	72%	207	28%	745	100%

Þá fóru fram fastir fræðsluþingir á árinu 2016, þ.e. nýliðafræðsla fyrir nýja starfsmenn og stjórnendur og tveir starfsdagar stjórnenda, annars vegar að vori og hins vegar að hausti.

## Öldrunarheimili Akureyrarbæjar

Samhliða venjubundinni starfsemi ÖA var árið 2016 unnið að allmörgum verkefnum á sviði nýsköpunar, þróunar- og umbóta. Í umfjöllun um starfsemi ársins er verkefnum skipt í fjóra þætti líkt og í síðustu ársskýrslu, þ.e. umbætur og skipulag, hugmyndafræði, velferðartækni og loks samstarfsverkefni.

Á sviði umbóta og skipulags voru efst á baugi verkefni innan dagþjálfunar en sameinuð dagþjálfun hóf starfsemi í Hlíð í byrjun ársins. Árið var helgað mótun starfsmanna á nýjum stað, þar sem leitast var við að festa í sessi og þróa nýtt vinnulag. Sem dæmi um þá áherslubreytingu er að þróa starfsemina úr þjónustu í þjálfun. Önnur verkefni á sviði skipulags og umbóta voru aukin upplýsingamiðlun með útgáfu Hrafnings – fréttabréfs ÖA, endurmat á umsóknarblaði og upplýsingum sem aflað er við ákvörðun um úthlutun rýma í dagþjálfun og stöðug þróun og endurútgáfa á leiðbeiningum og fyrirmælum í gæðahandbók ÖA. Loks var í byrjun ársins lokið við þriðja áfanga í endurnýjun á öllum rúmdýnum og eru nýjar dýnur þar með komnar í öll sjúkrarúm í Hlíð.

Áhersla á þróunarverkefni á sviði velferðar og tækni hefur haldið áfram. Lagt var í nýtt samstarfsverkefni með Lyfjaveri um Alfa - rafræna lyfjaumsýslu sem er nú keyrð á öllum heimilum ÖA. Alfa verkefnið er áætlað til næstu tveggja ára og einstök verkefni á sviði rafrænnar skráningar eru eftirritunarskyld lyf, rafræn lyfjakort og forþrófanir og innleiðing þessara verkþátta.

Áfram var unnið með innaupakerfið Timian varðandi samantekt og miðlun upplýsinga úr kerfinu. Þá var einnig lokið við forþrófanir með pantanir rekstrar- og hjúkrunarvöru í gegnum kerfið, en miðað var við að allar pantanir verði gerðar í kerfinu frá ársbyrjun 2017.

Mikil vinna hefur á árinu farið í að þróa og endurbæta rafræn samskipti og uppgjör í gegnum gagnagátt Sjúkratrygginga Íslands eftir að Sjúkratryggingar tóku við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins. Augljóst hagæði er að slíkum rafrænum samskiptum en allt árið hefur einkennst af miklum seinkunum og villum og leiðréttingum í hugbúnaðinum sem gerði m.a. að greiðslur og lokauppgjör hafa dregist um of innan ársins. ÖA ásamt tveimur öðrum heimilum hefur verið samstarfsaðili Sjúkratrygginga Íslands vegna þessarar þróunar.

Innan ÖA hefur áfram verið unnið að innleiðingu á þjónandi leiðsögn. Megináherslan var og er á fræðslu fyrir starfsmenn og í tengslum við það tók ÖA þátt í að undirbúa alþjóðlega ráðstefnu um þjónandi leiðsögn sem haldin var í september 2016.

Á árinu var gerður samstarfssamningur við Oddfellow regluna á Akureyri um að breyta tveimur raðhúsaíbúðum í sjúkraíbúðir eða sjúkrahótel. Vinna við endurbætur íbúðanna hófst í byrjun september og gera áætlanir ráð fyrir að íbúðirnar verði teknar í notkun í maí 2017.

Líkt og áður hafa Öldrunarheimilin verið í fjölþættu samstarfi við ýmsa aðila innan sveitarfélagsins og utan. Samningur um lækniþjónustu frá SAK var endurnýjaður til ársins 2019. Áfram var unnið á sviði velferðartækni í norræna verkefnum Connect sem lýkur á árinu 2017. Þá voru unnin nemendaverkefni um Alfa kerfið og um Timian kerfið, auk úttektar á áhrifum útivistar og ylgarða á lífsgæði íbúa á hjúkrunarheimilum. Einnig var unnið að samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum með háskólastiginu, bæði nemendaverkefnum og sjálfstæðum rannsóknarverkefnum.

ÖA fékk á árinu 3 milljóna króna styrk úr Framkvæmsjóði aldraðra til að þróa og framkvæma ný þjónustuúræði á sviði samfélagsjúkrunar, tímabundinna dvala og dagþjálfunar. Þá fékk

ÖA 250 þúsund króna styrk úr Samfélagsjóði Landsbanka Íslands til að þýða og gefa út efni um heilabilun, sem ætlað er börnum.

Regluleg starfsemi ÖA sem og hin óreglulega eins og nýsköpunarverkefni og breytingar og þróun, byggir á öllu því ágæta starfsfólki sem þar starfar og viðhorfum þess og helgun í starfi. Eins og undangengin ár hefur starfsfólk lagt sig mjög fram við að veita góða og einstaklingsmiðaða þjónustu, samhliða því að takast á við nýjar áskoranir samhliða aðhaldi í öllum rekstri.

## Reksturinn

Rekstur ÖA kostaði um 2,6 milljarða króna á árinu 2016. Af þeirri upphæð fóru um 2 milljarðar króna (77%) í laun og launatengd gjöld og hlutfall yfirvinnu af dagvinnulaunum var líkt og áður um 21%. Vörukaup ársins voru 187 milljónir og þjónustukaup um 546 milljónir. Annar rekstrarkostnaður var því um 740 milljónir en af þeirri fjárhæð greiddi ÖA um 225 milljónir í leigu af mannvirkjum og búnaði. Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Sjúkratryggingum Íslands (S.Í.) ásamt greiðslum íbúa, voru rúmlega 1,9 milljarðar króna og tekjur frá S.Í. vegna húsnæðisgjalds voru um 96 milljónir. Þegar litið er til tekna af starfsemi, er hlutfall launakostnaðar um 100%. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu. Á árinu störfuðu hjá ÖA 487 einstaklingar í um 222 ársverkum, 458 konur (94%) og 29 karlar (6%).

Öldrunarþjónusta Akureyrarbæjar, þróun, staða og framtíðarhorfur, voru til skoðunar í samantekt KPMG sem unnin var í janúar 2016. Málafni ÖA voru þar til sérstakrar skoðunar og meginniðurstöður að launakostnaður sem hlutfall af daggjaldatekjum hafi hækkað og vísbendingar séu um að hlutfallið sé herra hjá ÖA en sambærilegum heimilum. Var það er ljósi á að daggjöld og þar með tekjur ÖA, hafi ekki fylgt verðlagsþróun og þar með staðfest misvisandi þróun launakostnaðar og tekna.

Í október var loks undirritaður rammamningur um þjónustu hjúkrunarheimila og hluti samningsins fól í sér að bætt var í heildarfrármögnun hjúkrunarheimila á landinu. Fyrir ÖA jukust tekjur ársins um rúmlega 110 milljónir króna. Frá og með 1. janúar 2017 tók síðan gildi þriðja útgáfa kröfulýsingar fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili sem velferðarráðuneytið gefur út.

Í árslok 2016 var KPMG falið að vinna áfram að athugun og ráðgjöf varðandi rekstur ÖA og taka til skoðunar kosti og galla varðandi rekstrarform heimilanna. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á miðju ári 2017.

## Rýmin og nýting

Í árslok 2016 voru á ÖA 183 leyfð rými, 171 hjúkrunarrými og 12 dvalarheimilisrými. Af 171 hjúkrunarrými eru 17 rými til skammtímadvalar. Að auki eru leyfi fyrir 36 rýmum í dagþjálfun í Hlíð en 16 þeirra eru svokölluð „sértæk rými“ og er eitt þeirra rekið fyrir Eyjafjarðarsveit samkvæmt samningi. Alls eru 20 almenn dagþjálfunarrými.

Alls nýttu um 511 einstaklingar hjúkrunar-, dvalar- og dagþjónustu öldrunarheimilanna. Þar af 114 einstaklingar sem gestir dagþjálfunar (81 kona og 33 karlar) og 232 einstaklingar (144 konur og 88 karlar) nýttu sér tímabundna dvöl (hvíldar-/skammtímadvöl).

Að meðaltali koma um 70-80 einstaklingar í dagþjálfun í hverri viku. Full nýting rýma var í hjúkrun- og dvalarrýmum sem og í dagþjálfun. Nýir íbúar sem fluttu inn í föst rými voru 71. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrun var 86,4 ár og 83,7 ár í dvalarrýmum árið 2016. Konur voru 68,7% notendahópsins en karlar um 31,3% og hefur hlutföld karla hækkað um 1% milli ára. Á landsvísu eru hlutföllin 63,4/36,6.

## Einstök þróunar- og fræðsluverkefni

### Velferð og tækni

Í byrjun ársins fékk samstarfsverkefni ÖA, búsetusviðs Akureyrar og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar styrk til að vinna að innleiðingu á velferðartækni. Verkefnið fór af stað síðari hluta ársins þegar sett voru upp 3 salerni með skol- og þurrkbúnaði. Einnig voru keypt inn sérhönnuð heyrnartæki og í undirbúningi er prófun á fall-skyngjum.

Þá var unnið að prófun á Motiview búnaðinum og rannsókn á áhrifum af notkun hans. Motiview byggir á myndbandsupptökum af hjólaferðum bæði á Íslandi og erlendis og samtímis er notandinn að hjóla og fylgist með upptöku á sjónvarpsskjá. Niðurstöður athugana sjúkraþjálfara ÖA á ávinningi af notkun búnaðarinnar og



áhrifum á notendur, var að allir þátttakendur tóku framförum og bættu styrk, hreyfigetu og líðan sína.

Í framhaldi var gerður samningur við Fastus, umboðsaðila Motiview, til tveggja ára um notkun á búnaðinum hjá ÖA. Önnur verkefni s.s. Alfa, Timian, Saga, Ella og skjáupplýsingakerfi hafa verið í gangi á árinu og í áframhaldandi þróun.

### Eden - þróunin og þjónandi leiðsögn

Áframhaldandi verkefni innan Eden fræðanna skipuðu stóran sess á árinu og fékk ÖA í annað skipti, staðfestingu sem Eden heimili. Fyrsta alþjóðlega viðurkenningin frá byrjun árs 2014 rann út á árinu og líkt og áður var hluti af endurnýjun fólgin í hlýleikakönnun meðal íbúa, aðstandenda og starfsfólks. Einnig var í því ferli lýst áherslum og endurbótum frá síðustu könnun.

Samhliða veitingu viðurkenningar til ÖA í maí, var einn af aðstandendum íbúa á ÖA valinn aðstandandi ársins af hálfu Eden samtakanna.

Þjónandi leiðsögn er hluti af hugmyndafræði og aðferðum sem unnið er eftir á ÖA. Áfram var unnið að fræðslu starfsmanna og þjálfun, bæði almennra námskeiða og þjálfun leiðbeinenda. Hápunktur þessa var síðan þátttaka ÖA í undirbúningi alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var í Hofi í september. Fjöldi starfsmanna ÖA lagði þar gjörva hönd á plóg.

Nýtt verkefni um lífsgæði og vellíðan íbúa var þróað samhliða innleiðingu Eden og þjónandi leiðsagnar. Felst það í að unnið er sérstaklega með eitt tilgreint þema af þeim sjö þemum sem talin eru mynda lífsgæði og vellíðan. Þessu verkefni verður fram haldið á næsta ári og næstu árum.

### Notendaráð

Frá október 2012 starfaði notendaráð ÖA en markmið þess var að stuðla að aukinni þátttöku og áhrifum íbúa og aðstandenda á starfsemi ÖA. Tilgangur notendaráðs var að fjalla um hagsmunamál íbúa og aðstandenda og vera samráðsveitvangur þeirra og stjórnenda við ÖA. Í því skyni var á fundum ráðsins miðlað upplýsingum um þróun þjónustunnar og stefnu á hverjum tíma. Fundum notendaráðsins var breytt 2014 þannig að „notendaráðs- eða íbúafundur“ fara nú fram á hverju heimili að lágmarki tvisvar á ári. Þessi breyting skiladi aukinni þátttöku og er unnið að því að festa þetta fyrirkomulag í sessi.

### Almenn fræðsla

Fjölbreytt og öflug fræðsluáætlun var hjá ÖA á árinu eins og áður. Fræðsluáætlunin á hverju ári byggir á þarfagreiningu og komu fyrirlestrarar úr ýmsum áttum. Öll fræðslan var opin starfsfólki, íbúum og aðstandendum. Til viðbótar reglulegri fræðslu komu síðan málstofur og tilfallandi kynningar á starfseminni.

Í byrjun ársins komu í heimsókn matreiðslumeistarar á Norðurlandi. Var þeim kynnt starfsemi og áherslur í starfi matreiðslumanna á ÖA. Málstofa var haldin í ágúst um hlutverk og verkefni heilabilunarráðgjafa í Danmörku og í september var málstofa um líknandi meðferð.

Starfsfólk frá ÖA tók í byrjun ársins þátt í alþjóðlegri ráðstefnu í Glasgow um líknandi meðferð og á haustdögum fór 30 manna hópur frá dagþjálfun, iðju og félagsstarfi og þvottahúsi ÖA, í starfsheimsóknir og fræðsluferð til Kaupmannahafnar.

Eitt af stærri fræðsluverkefnum ársins var kennsla og þjálfun í þjónandi leiðsögn ásamt alþjóðlegri ráðstefnu.

Alls mættu 186 starfsmenn á 26 viðburði þar sem hver viðburður gat verið frá því að vera ein klukkustund upp í þriggja daga námskeið. Alls komu rúmlega 716 manns í fræðslu og meginhlutinn var starfsmenn.

Hluti af fræðslumálum ÖA eru samstarfsverkefni við innlenda og erlenda framhaldsskóla og háskóla. Um er að ræða starfsþjálfun hjúkrunar-, iðjuþjálfar- og sjúkraliðanema og annarra nema. Innlendir nemar á árinu voru alls 40 og komu frá háskólastiginu (22) og framhaldsskóla (13) og loks erlendir nemar (5). Að auki voru heimsóknir eða starfskynningar fyrir framhaldsskóla, vinnuskóla og grunnskóla.

### Gæðamál

Þrisvar á ári er framkvæmt RAI mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu eru gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI mati fyrir árin 2009 til 2016 sýnir að á 18 af 22 gæðavísam heldur ÖA viðvarandi jákvæðri þróun. Um er að ræða atríði eins og fækkun legusára, færri sem nota geðlyf, róandi lyf og svefnlyf, færri

þurfa eitthvert form fjötra og dregið hefur úr þvag- og hægðaleka, færri eru greindir með þunglyndiseinkenni og virkni er að aukast.

Á árinu var haldið áfram vinnu að bættri hjúkrunarskráningu og innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár (Sögu). Atvikaskráning er rafræn og hluti af Sögukerfinu en það er veruleg breyting frá því fyrirkomulagi sem var og gefur yfirlit um stöðuna hverju sinni. Gæðahandbók er rafræn og áfram var unnið að uppbyggingu hennar og notkun, á starfsdögum og í gæðaráði.

### Iðja og félagsstarf

Eins og undangengin ár var starfsemi iðju og félagsstarfs fjölbreytt á árinu 2016. Að venju var í boði hefðbundin félagsstarf, ýmis konar handverk, upplestrar, spurningahópar, leikfimi, bíósýningar, bingó, krulla, söngstundir, kráarkvöld og skemmtanir tengdar árstíðum, s.s. kvennahlaup og ferðalög. Í auknum mæli er leitast við að færa starfsemi iðju og félagsstarfs inn á heimilin og er nú margt konar hópastarf þar í umsjá iðjuþjálfara og starfsmanna iðju og félagsstarfs.

Eden kaffi var mánaðarlega í Lögmanshlíð og vikulega er opið í Kaffi Sól. Hin árlega handverkssýning sem einu sinni var, voru nú svokallaðir Gleðidagar 9. og 10. júní. Tókust þar mjög vel og voru gestir um 300 talsins. Í nóvember var árlegt Markaðstorg og það sóttu um 150 manns. Unnið var að eflingu á starfsemi „Smíðjunnar“ en þar fer fram margt konar smíðavinna og önnur iðja.

Sólskinsklúbbastarfið eflist á hverju ári og breytti miklu að lífsneistaklúbburinn hefur orðið fasta aðstöðu í Gladheimum fyrir starfsemi sína. Sólskinsklúbbar eru sértækt meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með heilabilun. Voru klúbbar að jafnaði alla daga vikunnar, stýrt af iðjuþjálfum ásamt starfsmönnum iðju og félagsstarfs og/eða starfsmönnum heimilanna.

Á árinu hóf ÖA samstarf við AkureyrarAkademiuna og felst það í að fræðimenn og rannsakendur í akademíunni koma á ÖA og halda þar fræðsluerindi fyrir íbúa heimilanna.

### Sjálfbodaliðar og gleðivakar

Sjálfbodaliðar hafa í gegnum árin sett mikinn svip á starfseminni á ÖA og eru nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum, s.s. kráarkvöldum, þorablóti og einstaka tónlistarskemmtunum um margra ára skeið. Einnig hafa fyrrum starfsmenn ÖA sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“ aðstoðað við ýmsa viðburði í Hlíð og Lögmanshlíð og sjá nánast alfarið um undirbúning og bakstur í Kaffi Sól.

Nemendur framhaldsskóla og háskóla komu eins og áður í heimsóknir, starfskynningar og í önnur verkefni. Þá eru ótaldar heimsóknir „vinaskóla og bekkja“ á grunn- og leikskólastigi. Margt konar listafólk hefur glatt starfsfólk og íbúa á árinu, til að mynda kórar, einsöngvarar, dansarar, hljóðfærarleikarar og rithöfundar svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta eykur fjölbreytileika lífsins á ÖA.



## FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. desember 2016

### Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

### Endurskoðendur

Deloitte hf.

### Bæjarstjórn Akureyrar

Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar  
Silja Dögg Baldursdóttir  
Logi Már Einarsson til 01.11.2016  
Dagbjört Elín Pálsdóttir frá 01.11.2016  
Sigríður Huld Jónsdóttir  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson  
Ingibjörg Ólöf Isaksen  
Gunnar Gíslason  
Eva Hrund Einarsdóttir  
Njáll Trausti Friðbertsson  
Sóley Björk Stefánsdóttir  
Margrét Kristín Helgadóttir tímabundið leyfi frá 02.03.2016  
Preben Jón Pétursson frá 02.03.2016

### Bæjarráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður  
Logi Már Einarsson til 01.11.2016  
Sigríður Huld Jónsdóttir frá 08.11.2016  
Matthías Rögnvaldsson  
Gunnar Gíslason  
Preben Jón Pétursson  
Sóley Björk Stefánsdóttir, áheyrnarfulltrúi

### FASTANEFNDIR

#### Atvinnumálanefnd

Matthías Rögnvaldsson formaður  
Jóhann Jónsson  
Erla Björk Guðmundsdóttir  
Elías Gunnar Þorbjörnsson  
Sóley Björk Stefánsdóttir  
Margrét Kristín Helgadóttir, áheyrnarfulltrúi

#### Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar

Halla Björk Reynisdóttir, formaður  
Helena Þuríður Karlsdóttir  
Ingibjörg Ólöf Isaksen  
Njáll Trausti Friðbertsson  
Þorsteinn Hlynur Jónsson  
Hermann Arason, áheyrnarfulltrúi

#### Íþróttaráð

Ingibjörg Ólöf Isaksen formaður  
Árni Óðinsson  
Birna Baldursdóttir  
Þórunn Sif Harðardóttir  
Sigurjón Jónasson  
Jónas Björgvin Sigurbergsson  
Guðrún Þórsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

#### Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður  
Þorsteinn Hjalton  
Júlí Ósk Antonsdóttir

#### Samfélags- og mannréttindaráð

Silja Dögg Baldursdóttir, formaður  
Siguróli Magni Sigurðsson  
Eiður Arnar Pálmason til 02.02.2016

Dagbjört Elín Pálsdóttir frá 02.02.2016  
Bergþóra Þórhallsdóttir  
Vilberg Helgason  
Hlín Garðarsdóttir, áheyrnarfulltrúi

#### Skipulagsnefnd

Tryggvi Már Ingvarsson, formaður  
Eva Reykjalín Elvarsdóttir  
Ólína Freysteinsdóttir  
Sigurjón Jóhannesson  
Edward H. Huijbens tímabundið leyfi frá 01.09.2016  
Vilberg Helgason frá 01.09.2016  
Jón Þorvaldur Heiðarsson, áheyrnarfulltrúi

#### Skólanefnd

Logi Már Einarsson, formaður til 06.12.2016  
Dagbjört Elín Pálsdóttir, formaður frá 06.12.2016  
Dagný Þóra Baldursdóttir  
Siguróli Magni Sigurðsson  
Eva Hrund Einarsdóttir til 19.01.2016  
Hanna Dögg Maronsdóttir frá 19.01.2016  
Preben Jón Pétursson  
Anna María Hjálmarasdóttir, áheyrnarfulltrúi

#### Stjórn Akureyrarstofu

Unnar Jónsson, formaður  
Sigfús Arnar Karlsson  
Anna Hildur Guðmundsdóttir  
Eva Hrund Einarsdóttir  
Hildur Friðriksdóttir  
Eva Dögg Fjölfnisdóttir, áheyrnarfulltrúi

#### Umhverfisnefnd

Dagbjört Elín Pálsdóttir formaður  
Óskar Ingi Sigurðsson  
Ingimar Ragnarsson  
Kristinn Frímann Árnason  
Áshildur Hlín Valtýsdóttir  
Ólafur Kjartansson (áheyrnarfulltrúi)

#### Velferðarráð – áður félagsmálaráð

Sigríður Huld Jónsdóttir, formaður til 06.12.2016  
Erla Björg Guðmundsdóttir, formaður frá 06.12.2016  
Róbert Freyr Jónsson  
Halldóra Kristín Hauksdóttir  
Svava Þórhildur Hjaltalín  
Valur Sæmundsson  
Guðrún Karítas Garðarsdóttir, áheyrnarfulltrúi

### STARFSNEFNDIR

#### Fræðslunefnd

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður  
Karólína Gunnarsdóttir  
Halldór Sigurður Guðmundsson  
Dagný Magnea Harðardóttir  
Tómas Björn Hauksson

#### Kjarasamninganefnd

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður  
Silja Dögg Baldursdóttir  
Gunnar Gíslason



## FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

### Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Bæjarstjóri  
Formaður framkvæmdaráðs

### Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Unnar Jónsson  
Njáll Trausti Friðbertsson til 09.06.2016  
Þórunn Sif Harðardóttir frá 09.06.2016

### Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Baldur Dýrfjörð, formaður  
Valur Freyr Halldórsson  
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir  
Sigrún Sigurðardóttir til 15.03.2016  
Júaní Ósk Antonsdóttir frá 15.03.2016

### Öldungaráð Akureyrarkaupstaðar

Dagbjört Elín Pálsdóttir formaður  
Gunnar Gíslason

### Félagsstofnun stúdentna við Háskólann á Akureyri

Halla Margrét Tryggvadóttir

### Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

### Fulltrúaráð Málræktarsjóðs

Hólmkell Hreinsson

### Hafnasamlag Norðurlands

Víðir Benediktsson formaður  
Jóhannes Gunnar Bjarnason  
Linda María Ásgeirsdóttir  
Baldvin Valdemarsson  
Kristín Björk Gunnarsdóttir

### Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Jón Ingi Cæsarsson, formaður  
Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir til 20.09.2016  
Hjördís Stefánsdóttir frá 20.09.2016

### Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Elín Margrét Lýðsdóttir  
Eva Hrund Einarisdóttir  
Helgi Þorbjörn Svavarsson

### Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Jón Heiðar Jónsson

### Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Sigríður Huld Jónsdóttir, formaður  
Matthías Rögnvaldsson  
Silja Dögg Baldursdóttir  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson  
Ingibjörg Ólöf Isaksen  
Logi Már Einarsson  
Gunnar Gíslason  
Eva Hrund Einarisdóttir  
Margrét Kristín Helgadóttir til 06.09.2016  
Preben Jón Pétursson frá 06.09.2016

### Stjórn Eyþings

Logi Már Einarsson, formaður til 11.11.2016  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður frá 11.11.2016  
Eva Hrund Einarisdóttir

### Stjórn Iðnaðarsafnsins á Akureyri

Helga Mjöll Oddsdóttir til 03.02.2016  
Hulda Sif Hermannsdóttir frá 03.02.2016  
Vilhjálmur G. Kristjánsson

### Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Bæjarstjóri  
Sigríður Huld Jónsdóttir  
Gunnar Gíslason

### Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir  
Dagbjört Brynja Harðardóttir  
Eiríkur Jónsson

### Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga

Eiríkur Björn Björgvinsson

### Veiðifélag Eyjafjarðarar

Hermann Brynjarsson

### Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Siguróli Magni Sigurðsson formaður  
Þórunn Sif Harðardóttir

### Menningarfélag Akureyrar

Sigurður Kristinsson

### Fjölsmiðjan

Friðbjörg Sigurjónsdóttir

### Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Ingunn Helga Bjarnadóttir

### FabEy

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir

### Norræna upplýsingaskrifstofan

Hólmkell Hreinsson

## FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

### Flokkun ehf

Kristín Halldórsdóttir formaður  
Dagbjört Pálsdóttir  
Óskar Ingi Sigurðsson

### Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Dan Jens Brynjarsson

### Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður  
Ingibjörg Ólöf Isaksen  
Njáll Trausti Friðbertsson  
Edward Hákon Huijbens  
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir

### Tækifæri hf

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir







**Akureyri**

Akureyrarbær  
Geislagötu 9  
600 Akureyri  
Sími 460 1000 | Fax 460 1001  
akureyri@akureyri.is  
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

